



RAFIONADARSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2015

Lögð fram á sambandsstjórnarfundi á Egilsstöðum 29. – 30. 4. 2016



Efnisyfirlit:

Inngangur formanns	6
Samningalíkanið.....	7
Starfsemi skrifstofu.....	8
Ráðning skrifstofustjóra.....	8
Innra starf skrifstofu	8
Samstarf iðnaðarmanna	11
Helstu kennitölur úr bókhaldi:.....	12
Fundir miðstjórnar.....	12
Stjórnir og nefndir RSÍ:	14
Framkvæmdastjórn:	14
Miðstjórn:	14
Sambandsstjórn:.....	14
Starfsnefndir miðstjórnar:	15
Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarféлага:.....	15
Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga:.....	15
Launanefnd RSÍ:.....	15
Laga- og skipulagsnefnd RSÍ:.....	15
Orlofsnefnd RSÍ:.....	15
Golfnefnd:.....	15
Stjórn Rafiðnaðarskólans:.....	15
Stjórn orlofsbyggðarinnar í Flókalundi:	15
Stjórn orlofsbyggðarinnar á Einarsstöðum:.....	15
Stjórn orlofsbyggðarinnar í Ölfusborgum:.....	15
Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs:	15
Ákvæðisvinnunefnd rafiðna:.....	15
Stjórn Verkiðnar:.....	15
Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík:	15
Skoðunarmenn RSÍ:	16
Stjórnarmenn Stafa, kosnir á aðalfundi 2015:.....	16
Kjörnefnd Stafa lífeyrissjóðs:	16
Stjórn og nefndir ASÍ:.....	16
Miðstjórn ASÍ:	16



Alþjóðanefnd:	16
Atvinnumálanefnd:	16
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:	16
Menntanefnd:.....	16
Efnahags- og skattanefnd:	16
Lífeyris- og veikindaréttarnefnd:	16
Skipulags- og starfsháttanefnd:	16
Velferðarnefnd:	16
Vinumarkaðsnefnd:	17
Umhverfisnefnd:.....	17
Listasafn ASÍ:.....	17
Fulltrúaráð Starfsendurhæfingarsjóðs:.....	17
Vísinda- og tækniráð:.....	17
Félagsdómur:	17
Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum	17
Sveinsprófsnefnd sterkstraums:	17
Sveinsprófsnefnd veikstraums:.....	17
Menntasjóður rafiðnaðarins:.....	17
Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans:	17
Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins:	17
Starfsgreinaráð rafiðnaðarins	17
Nemaleyfisnefnd sterkstraums.....	18
Nemaleyfisnefnd veikstraums	18
Stjórnir og nefndir erlendis.....	18
Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF):	18
Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø) NEF:.....	18
Menntanefnd NEF:	18
Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø) NBTF:.....	18
Stjórn NBTF:	18
Stjórn EBTF:.....	18
Stjórn UNI-ICTS:	18
Stjórnir aðildarfélaga RSÍ	19
Félag íslenskra rafvirkja	19



Félag rafeindavirkja	19
Félag íslenskra símamanna	19
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	19
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	19
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja.....	19
Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús	19
Félag tæknifólks í rafiðnaði.....	19
RSÍ-UNG	19
Kjarasamningar 2014-16.....	20
Fjöldi atvinnuleitenda.....	23
Launakönnun RSÍ 2015	25
Orlofssjóður	34
Styrktarsjóður	36
Fjölskylduhátíð RSÍ 2015.....	37
Erlent samstarf	38
NEF.....	38
BWI	39
Global power trade unions	39
NBTF.....	39
EBTF	39
UNI Global.....	39
UNI ICTS norden	40
UNI MEI.....	40
Skýrsla stjórnar Rafiðnaðarskólans fyrir árið 2015.....	41
Tafla 1. Yfirlit aðsóknar að skólanum.....	41
Tafla 2. Yfirlit yfir aðsókn í meistaraskóla rafvirkja.....	42
<i>Heimild : Rafiðnaðarskólinn og Mannvirkjastofnun</i>	<i>42</i>
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins.....	49
Námssamningar og Sveinspróf	49
Mat á menntun.....	50
Raunfærnimat.....	50
Rafbók.is	50
Kynningarmál.....	51



Ákvæðisvinnustofu rafiðna 2015.....	52
Ályktanir miðstjórnar á starfsárinu.....	53
Ályktun miðstjórnar RSÍ vegna kjararáðs.....	53
Ályktun um kjaraviðræður.....	53



Inngangur formanns

Undanfarið starfsár hefur einkennst af miklum átökum á vinnumarkaði framan af og síðar nokkrum óstöðugleika í félagslegu umhverfi sökum þeirra samninga sem gerðir voru um mitt síðasta ár sem og niðurstaðna úr Gerðardómi. Með samstilltu átaki tókst að tryggja gildi kjarasamninga og jafna kostnað kjarasamninganna við aðra hópa á íslenskum vinnumarkaði.

Á sama tíma var stórt skref stigið við jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Markmið um að hækka lífeyrisréttindi úr 56% upp í 76% af meðalævitekjum launamanna mun væntanlega nást hjá þeirri kynslóð sem er að byrja á íslenskum vinnumarkaði þessi árin, eða eiga eftir að greiða í lífeyrissjóð næstu 40 árin um það bil. Mótframlag atvinnurekenda verður hækkað í þremur skrefum til ársins 2018 og eftir að iðgjaldið hefur náð 15,5% samanlagt frá atvinnurekendum og launafólki hefst ávinnsla réttinda í samræmi við 76% leiðina.

Samhliða hækkuðu iðgjaldi verður launafólki gert heimilt að velja um að ráðstafa þessari aukningu, sem nemur 3,5 prósentustigum, í svokallaða bundna séreign. Velji einstaklingur að fara þá leið að setja viðbótina í bundna séreign í stað þess að ráðstafa henni í samtryggingarsjóð þá mun viðkomandi þurfa að gera sér grein fyrir því að hann njóti þá ekki 76% réttindanna heldur mun viðkomandi miðast við ákveðna tölu sem viðkomandi lífeyrissjóður þarf að upplýsa hann um.

Það sem nauðsynlegt er að hafa í huga í þessu sambandi er þá hvaða réttindi viðkomandi muni njóta, eða eftir atvikum verða af, missi hann starfsgetu á miðri starfsævi og þurfi að treysta á örorkubætur það sem eftir er. Það er svo að þegar sjóðfélagar missa starfsgetu og detta út af vinnumarkaði þá fá þeir greiðslur úr lífeyrissjóði til samræmis við réttindi viðkomandi og jafnframt er viðkomandi uppreiknaður líkt og hann hefði starfað áfram í sínu starfi. Með því að setja allt í bundna séreign þá getur viðkomandi tapað við slíkar aðstæður, sé viðkomandi tiltölulega ungur. Bundin séreign verður hins vegar erfanleg og það eru klár verðmæti í henni, sérstaklega ef viðkomandi er kominn á efri ár starfsævinnar.

Framundan eru áhugaverðir tímar á Íslandi sem og í Rafiðnaðarsambandinu. Við búum við fordæmalausar aðstæður í dag eftir að aðilar vinnumarkaðarins tóku djarft skref árið 2013 við gerð kjarasamninga og aðildarfélög ASÍ mörkuðu línu í verðlagseftirliti þess tíma. Með samstilltu átaki tókst að kveða verðbólgu drauginn niður og hefur hann legið í dvala í lengsta tímabil sem ég hef vitneskju um á Íslandi. Nú eru komnir 26 mánuðir samfelldir undir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands. Það stefnir í að einn mánuður bætist við um mánaðarmótin.



En þess ber þó að geta að ástandið varir mögulega ekki endalaust því ef við rýnum í samsetningu vísitölu neysluverðs þá eru blikur á lofti. Innlend verðbólga er nokkuð há en erlend (innflutt) verðbólga er neikvæð. Verði einhver breyting á verði á innfluttri vöru eða veiking íslensku krónunnar þá er verðbólgan mjög fljót að æða upp. Það er því afar mikilvægt að við verðum á varðbergi og komum í veg fyrir að innlend verðbólga fái að njóta sín til fulls.

Stjórnvöld stefna nú að afnámi fjármagnshafta og eins og þið þekkið er mikil pressa á að það gerist fyrir næstu Alþingiskosningar því málið sé svo stórt fyrir samfélagið. Á sama tíma hefur komið í ljós að æðstu ráðherrar landsins, sem hafa dásamað íslensku krónuna, hafa í nokkrum mæli viljað hafa „eggín sín“ í annarri körfu en alþýða þessa lands. Almennigur á að setta sig við að vera í þeirri körfu sem ráðherrar hafa verið að nýta sér hagræði af því að eiga fjármuni í öðrum gjaldmiðli og jafnvel í skjóli frá sköttum.

Ég velti fyrir mér hvaða hagsmuni þessir leiðtogar okkar samfélags hafa af því að tryggja að afnám haftanna gangi vel fyrir sig. Það er augljóst að einstaklingur sem á milljónir, tugi milljóna eða jafnvel milljarða erlendis hagnast verulega á því falli gengi krónunnar. Erlendar eignir munu rjúka upp við það eitt að krónan veikist. Því er það stóra spurningin hvort það sé meginástæða þess að þessir einstaklingar vilji sjá um þessa vinnu? Á sama tíma á að selja banka til þess að styðja við íslensku krónuna og þar eru menn komnir með öll tromp á hendi, koma eignum úr ríkiseigu í hendur einkaaðila en eru samt tryggðir með eignir í öðrum gjaldmiðlum.

Samningalíkanið

Vinna er farin af stað við mótun á nýja samningalíkaninu og ljóst er að þessi vinna á eftir að vara fram á næsta ár hið minnsta. Nú þegar höfum við varið nokkrum árum til þessa enda er gríðarlega mikilvægt að okkur takist vel til því hagsmunir samfélagsins eru undir til framtíðar.

Á sama tíma og við stöndum í þessari vinnu á hið Norræna samningalíkan hins vegar undir högg að sækja og kollegar okkar á Norðurlöndum standa í baráttu við að treysta stoðir þeirra samningalíkana. En samningalíkanið er ekki eingöngu með hvaða hætti staðið er að gerð kjarasamninga heldur er einnig grundvallarstoðir samfélagsins, aðgengi að heilbrigðisþjónustu ÁN endurgjalds fyrir heimsóknina, jafnt aðgengi landsmanna að menntakerfi og svo framvegis. Því er augljóst að stjórnvöld þurfa ætíð að koma að samningalíkaninu með því að tryggja samfélagslegu þættina. Ákvarðanir er snúa að kjarasamningunum verða hins vegar alltaf að vera í höndum verkalýðsfélaganna og þá verður skynsemi að ráða för þvert yfir samfélagið.



Starfsemi skrifstofu

Rekstur Rafiðnaðarsambandsins hefur gengið nokkuð vel undanfarið starfsár. Árið hefur að miklu leyti farið í kjarasamninga og vinnu við endurskoðun þeirra. Mikill fjöldi funda við gerð kjarasamninga setti mark sitt á starfsárið en mikil vinna var lögð í mótun kröfugerðar fyrrpart árs 2014 sem við nutum góðs af þegar á hólminn var komið. Það má segja að kjaraviðræðurnar séu eins og rússíbanareið í stórum og fjölmönnum skemmtigarði erlendis þar sem bið eftir því að komast að viðræðuborðinu með viðsejendum getur reynst löng og leiðinleg en loks þegar athygli þeirra er fönguð þá hefst ferðin af nokkrum krafti. En þegar á reynir er iðulega nauðsynlegt að fara nokkrar ferðir í rússíbananum.

Ráðning skrifstofustjóra

Þann 7. janúar var Sigrún Sigurðardóttir ráðin sem skrifstofustjóri á skrifstofu RSÍ. Helstu verkefni skrifstofustjóra eru þau að halda utan um daglegan rekstur skrifstofu RSÍ, útbúa og endurnýja verkferla sem til staðar eru varðandi hin ýmsu málefni, ásamt því að tryggja eftirfylgni málefna sem berast skrifstofu RSÍ frá félagsmönnum, stjórnnum aðildarfélaganna eða miðstjórn RSÍ. Það hefur lengi loðað við skrifstofu RSÍ að nokkuð álag hafi verið á starfsmönnum og hefur það oft á tíðum verið árstíðabundið eða tengt gildistíma kjarasamninga. Það gefur augaleið að þegar kjarasamningar losna þá aukast verkefni verulega hjá þeim starfsmönnum sem vinna við kjaramálin. Undirbúningstíminn getur verið langur og mikilvægur enda kjarasamningarnir margir. Á meðan álagið er hvað mest sitja fjölmörg mál á hakanum. Reglubundir álagstímar eru jafnframt um hver mánaðarmót þegar styrkir og sjúkradagpeningar eru greiddir út. Árstíðarbundnu álagspunktarnir eru flestir tengdir orlofshúsakerfinu hjá okkur en aðsókn í orlofshús er jafnan mikil.

Nú er unnið að því að hefja aftur útsendingar á ýmsum bréfum til félagsmanna en um tíma sendum við öllum þeim félagsmönnum bréf sem voru við það að falla út af félagaskránni vegna þess að skilagreinar hættu að berast en með því gátu félagsmenn komið í veg fyrir að missa réttindi sín hafi slíkt gerst vegna mistaka. Jafnframt er stefnt að því að senda kynningarbréf á nýja félagsmenn þegar greiðslur berast í fyrsta sinn þar sem RSÍ og starfsemin er kynnt nýjum félagsmönnum. Verkefnin eru því næg og nauðsynlegt er að taka á þeim af festu en þó þannig að hlutirnir séu vel gerðir.

Innra starf skrifstofu


Dagana 7.-11. mars og 31. mars til 8. apríl gerðu starfsmenn á skrifstofu könnun á fjölda símtala og komum félagsmanna á skrifstofu að Stórhöfða 31

Markmið könnunar sem þessarar er að skoða innra starf skrifstofunnar, hversu margir félagsmenn leita sér aðstoðar á skrifstofunni, hvaða málaflokkum er mest hringt út af og hvort breytileiki sé á þjónustupörf eftir



dögum eða tíma mánaðar. Mikilvægt er að hafa í huga mikilvægi þess að veita félagsmönnum bestu þjónustu sem kostur er á hverju sinni en könnun sem þessi er einn liður í því starfi. Við framsetningu á niðurstöðum ber að hafa í huga að sambærileg könnun hefur ekki verið gerð áður og samanburður því ekki fyrir hendi. Tekin hefur verið ákvörðun um að gera könnun sem þessa reglulega, með því ættu að liggja fyrir upplýsingar um álagsþætti og hægt að gera ráðstafanir til að bregðast við með það að markmiði að félagsmaðurinn fái ávallt sem besta þjónustu. Þjónustukönnun meðal félagsmanna er jafnframt einn þáttur í þessu sambandi og fyrirhugað að leggja hana fyrir á næsta starfsári.


Mynd 1 sýnir fjölda félagsmanna sem komu í afgreiðslu RSÍ vikuna 7.-11. mars 2016. Af þeim voru 40 sem áttu erindi í afgreiðsluna, í mörgum tilvikum til að skila inn umsókn í styrktarsjóð. Ekki er því ólíklegt að komum í afgreiðslu muni fækka ef umsóknir verða rafrænar. Hinir 9 áttu erindi við einstaka starfsmenn skrifstofunnar.



Mynd 1: Fjöldi félagsmanna sem komu á skrifstofu á Stórhöfða 31 7. – 11. mars 2016




Mynd 2 má sýnir fjölda félagsmanna sem komu á skrifstofu RSÍ dagana 31. mars – 8. apríl. Af þeim voru 51 sem áttu erindi í afgreiðsluna en 7 áttu erindi við einstaka starfsmenn. Ekki er hægt að merkja breytileika í heimsóknnum félagsmanna eftir dögum út frá þessum tölum hvort sem um er að ræða mánaðamót eða einstaka vikudaga.




Mynd 2: Fjöldi félagsmanna sem komu á skrifstofu á Stórhöfða 31 31. mars – 8. apríl 2016

Mynd 3 og 4 sýnir flokkun símtala eftir málaflokkum. Símtöl voru flokkuð í samræmi við valmöguleika á símsvara þ.e. kjaramál og orlofs- og styrktarsjóður. Þess ber þó að geta að erindin sem berast á skrifstofu eru fjölbreytt eins og gefur að skilja sem varð til þess að „annað“ er nokkuð stór flokkur á seinna tímabilinu og ástæða til að rýna betur í það áður en næsta könnun verður gerð. Símtöl eru mun fleiri seinna tímabilið, hafa þarf þó í huga að það tímabil er tveim dögum lengra en það fyrra án þess þó að það eitt og sér skýri þann mun. Skýringar á auknum fjölda símtala má m.a. rekja til úthlutunar á orlofshúsum sumarið 2016 sem var gengið frá um þessi mánaðamót og álag almennt meira í kringum mánaðamót. Einnig sýnir þetta glögg hversu óútreiknanlegir dagarnir geta verið.



Mynd 3: Fjöldi símtala eftir málaflokkum 7. – 11. mars 2016



Mynd 4: Fjöldi símtala eftir málaflokkum 31. mars – 8. apríl 2016

Framundan eru breytingar á húsnæði Stórhöfða 31 3. hæð þar sem lagt hefur verið upp með að innrétta opin vinnusvæði fyrir starfsmenn þar sem ljóst er að húsnæðið eins og það er skipulagt í dag býður ekki upp á vinnuástöðu fyrir alla starfsmenn hæðarinnar. Að mörgu er að hyggja í slíkum framkvæmdum en eitt af því er fundaraðstaða sem og aðstaða fyrir starfsmenn til að taka símtöl í næði. Í könnuninni var því lögð áhersla á að skoða fjölda félagsmanna sem koma á skrifstofu og fjölda símtala með erindi sem krefjast næðis. Hafa þarf þó í huga að opin rými eru vandmeðfarin á vinnustað eins og RSÍ þar sem markmið starfseminnar er þjónusta við félagsmenn sem og af tillitssemi við aðra starfsmenn eins og fjöldi símtala gefur til kynna. Þess ber þó að geta að nokkrir starfsmenn eru nú þegar í opnu rými þrátt fyrir að taka á móti mörgum símtölum. Í flestum tilvikum er um almenn símtöl að ræða en gera þarf ráð fyrir því að sum símtöl taka á viðkvæmum málefnum sem og að gera þarf ráð fyrir því að félagsmenn leiti til skrifstofunnar með málefni sem þeir vilja ekki ræða fyrir framan aðra. Dagana 31. mars – 8. apríl eru símtöl, bæði svöruð og hringd, samtals 467 hjá öllum starfsmönnum skrifstofunnar. Af þeim telja starfsmenn að 14 símtöl krefjist næðis á meðan samtal á sér stað. Þessi símtöl voru heldur fleiri á fyrra tímabilinu eða 20 talsins. Hafa þarf þó í huga að áreiti vegna símtala er mjög mikið og þarf að hafa til hliðsjónar við skipulag vinnuástöðu starfsmanna.

Að lokum ber þess að geta að settur hefur verið upp ábendingahnappur vegna orlofshúsa á heimasíðu þar sem félagsmenn geta komið með ábendingar um hluti sem betur mega fara, er ábótavant eða þeir ánægðir með í orlofshúsum sambandsins. Markmiðið er að tryggja að starfsmenn skrifstofu bregðist sem fyrst við og með skilvirkum hætti þegar einhverju er ábótavant til að tryggja að dvöl félagsmanna í orlofshúsum verði sem ánægjulegust.

Samstarf iðnaðarmanna

Það er rétt að geta þess að samstarf iðnaðarmannafélaganna náði til almennu kjarasamninganna hjá okkur og hófst samstarfið tiltölulega seint í ferlinu en þó það snemma að mögulegt var að samræma kröfur hópanna. Til að byrja með gekk samstarfið mjög vel, málefnavinna var góð og upplýsingaflæði sæmilegt á milli hópanna. Samstarfið var ekki fullkomið og allra síst þegar á reyndi en menn eru nú reynslunni ríkari og ef til þess kemur að samstarfinu verði haldið áfram þá verða menn að læra af því sem illa fór. Umræða hefur nú þegar farið fram um það sem ekki gekk og aðilar verða að taka á þeim málum.



Helstu kennitölur úr bókhaldi:

Heildarfélagsgjöld til RSÍ árið 2015 (iðgjöld félagsmanna) námu alls 184,5 milljónum króna og hækkuðu um 19 milljónir, það jafngildir 11,5% hækkun á milli ára. Þessi hækkun getur skýrst af nokkrum þáttum, breytingu á fjölda félagsmanna, meiri yfirvinnu og þar með hærri heildarlaunum eða auknu launaskriði á vinnumarkaði. Rekstrartekjur í heild námu um 619,9 milljónum.

Rekstrargjöld á árinu 2015 námu alls 544,6 milljónum og því varð rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur jákvæð um 75,3 milljónir og rekstrarafkoma ársins samtals 145,3 milljónir.

Sambandssjóður er miðja bókhalds RSÍ og aðildarféлага. Heildartekjur sambandssjóðs voru 125,5 milljónir. Rekstrargjöldin námu hins vegar um 128,8 milljónum og því var rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur neikvæð um 3,4 milljónir. Sökum þess að Sambandssjóður er miðja bókhaldsins og fjármunir staldra við þar, fyrir utan að fjármunir Styrktarsjóðs færast yfir á reikninga sjóðsins, þá greiðir Sambandssjóður vexti til annarra sjóða sambandsins en hefur einnig vaxtatekjur á móti. Rekstrarafkoma Sambandssjóðs, eftir greiðslu vaxta, var neikvæð upp á 5,5 milljónir. Helsta skýring á mikilli aukningu útgjalda á árinu 2015 kemur til vegna reglubundins þings sem haldið var árið 2015 en einnig var veruleg aukning útgjalda vegna þeirra kjarasamninga sem voru gerðir á því ári. Ákveðið var að fara í auglýsingaherferð auk þess sem fundir voru margir og kostnaður eykst með auknum fjölda funda. Afgreiðsla kjarasamninga og að senda kjörgögn á félagsmenn kostar sitt en fjöldi atkvæðagreiðslna var þó nokkur á síðasta ári.

Jákvætt er að mjög vel hefur gengið að fá greiðslur inn á skuldabréfin vegna gamla Rafiðnaðarskólans. Eftirstandandi skuldir voru 326 milljónir um síðustu áramót. Greiddar afborganir af skuldabréfum voru upp á 145 milljónir rúmar og því ljóst að greiðsluhraði var mikill á síðasta ári. Ekki er gert ráð fyrir því að svo mikið verði greitt á árinu 2016 sökum þess að stefnt er að átaki í að efla Rafiðnaðarskólann sem og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins nokkuð á árinu. En ljóst er að ef ekki kemur til aukinnar verðbólgu þá verður mögulegt að skuldabréfin verði gerð upp fyrir árið 2020. Það væri því nokkuð á undan síðustu áætlunum um uppgjör þeirra.

Rétt er að vekja athygli á því að Samtök atvinnulífsins hafa skrifað upp á yfirlýsingu með RSÍ um að ekki verði farið fram á lækkan eftirmenntunargjaldsins fyrr en skuldir hafa verið gerðar upp að fullu.

Hlutföllum á skiptingu félagsgjaldsins var breytt á þingi RSÍ þar sem markmið var að hefja að nýju greiðslur í Vinnudeilusjóð enda stefndi í ein mestu átök á vinnumarkaði seinni tíma. Skiptingin er nú með þeim hætti að Sambandssjóður fær 44%, Styrktarsjóður 1%, Orlofsjóður 16% og Menningarsjóður 0% en Vinnudeilusjóður fær 4%. Hlutföll eru af félagsgjaldi félagsmanna.

Fundir miðstjórnar

Frá síðasta þingi RSÍ sem haldið var dagana 7. – 9. maí 2015 hafa verið haldnir 12 miðstjórnarfundir en fundir eru almennt einu sinni í mánuði með þeim frávikum að frí er tekið yfir sumarmánuðina en eingöngu datt niður fundur í júlí þetta árið sökum þess að kjaraviðræður stóðu yfir á þessu tímabili. Á þessu starfsári hefur framkvæmdastjórn fundað reglubundið og kemur saman til þess að undirbúa miðstjórnarfundi hverju sinni auk þess ef nauðsynlegt er að vinna að framgangi á afmörkuðum málum sem miðstjórn hefur falið framkvæmdastjórn að sinna. Framkvæmdastjórn hefur því fundað 13 sinnum á starfsárinu.

Á framkvæmdastjórnarfundum og jafnvel á miðstjórnarfundum hefur fjarfundarbúnaður verið notaður þegar fundarmenn hafa ekki haft tök á að mæta á staðinn, sérstaklega vegna miðstjórnarfundu, en á fundum framkvæmdastjórnar eru iðulega einhverjir fundarmanna í fjarfundi. Fjarfundarbúnaðurinn hefur því nýst mjög



vel í starfseminni hjá okkur og sífellt fleiri fundir haldnir í fjarfundi. Það getur sparað fundarmönnum mikinn tíma og fjármuni.

Skrifstofustjóri RSÍ situr alla fundi miðstjórnar og framkvæmdastjórnar og er markmiðið að tryggja betra flæði verkefna frá miðstjórn sem og framkvæmdastjórn inn á skrifstofu RSÍ.



Mynd 5: Miðstjórn RSÍ 2016

Aftari röð frá vinstri: Einar Á. Kristinsson, Eyjólfur Ólafsson, Kristján Helgason, Sigmundur Grétarsson, Ómar Baldursson, Jakob Tryggvason, Einar Hafsteinsson, Helgi Jónsson, Sigurjón Ólason, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Hafliði Sívertsen, Viðar Már Þorsteinsson, Adam Kári Helgason og Birna Dögg Gränz.

Fremri röð frá vinstri: Jón Óskar Gunnlaugsson, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Guðrún S. Bergþórsdóttir og Ragnar G. Gunnarsson.

Á myndina vantar eftirtalda aðalmenn miðstjórnar: Borgþór Hjörvarsson, Andra Jóhannesson og Svanborgu Hilmarsdóttur.



Stjórnir og nefndir RSÍ:

Framkvæmdastjórn:

Formaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV

Varaformaður: Borgþór Hjörvarsson, FÍR

Ritari: Adam Kári Helgason, FÍR

Gjaldkeri: Jakob Tryggvason, FTR

Meðstjórn: Eyjólfur Ólafsson, FRV

Guðrún S. Bergþórsdóttir, FÍS

Helgi Jónsson, RFN

Miðstjórn:

Aðalmenn:

Einar Hafsteinsson, FÍR

Kristján Helgason, FÍR

Guðmundur Ævar Guðmundsson, FÍR

Sigmundur Grétarsson, FÍR

Hafliði Sívertsen, FTR

Ragnar G. Gunnarsson, FTR

Sigurjón Ólason, FTR

Andri Jóhannesson, FRV

Bára Halldórsdóttir, FRV

Birna Dögg Gränz, FÍS

Ómar Baldursson, FRS

Jón Óskar Gunnlaugsson, RFS

Einar Kristinsson, FSK

Svanborg Hilmarsdóttir, RSÍ-UNG

Varamenn:

Viðar Már Þorsteinsson, FÍR

Ársæll Freyr Hjálmsón, FÍR

Helgi Marteinn Ingason, FÍR

Páll S. Guðmundsson, FTR

Hafþór Ólafsson, FTR

Davíð E. Sigmundsson, FRV

Þórunn S. Jónsdóttir, FRV

Jón Hafsteinn Jóhannsson, FÍS

Finnur Víkingsson, RFN

Steinar Guðjónsson, FRS

Eiríkur Arnar Björgvinsson, RFS

Snorri Jónsson, FRV

Sambandsstjórn:

Aðalmenn:

Hafdís María Kristinsdóttir, FÍR

Hrafn Guðbrandsson, FÍR

Óskar Ingi Gunnarsson, FÍR

Friðrik Friðriksson, FÍR

Davíð Arngrímsson, FÍR

Guðmundur Gunnarsson, FÍR

Anna Melsteð, FTR

Gunnlaugur Snædal, FTR

Þorsteinn Úlfar Björnsson, FTR

Björn Eysteinnsson, FRV

Haukur Ágústsson, FRV

Trausti Þór Friðriksson, FÍS

Svandís Kristbergsdóttir, FÍS

Gústaf Eggertsson, RFN

Þorvaldur Þorvaldsson, FRS

Jón Grétar Herjólfsson, RFS

, RSÍ-UNG

Varamenn:

Hilmar Guðmannsson, FÍR

Runólfur Helgi Jónasson, FÍR

Benedikt H. Sigurðsson, FÍR

Gauti Þorvaldsson, FÍR

Björn Friðriksson, FÍR

Tryggvi Gunnarsson, FÍR

Elma Bjarney Guðmundsdóttir, FTR

Kári Snædal, FTR

Borgar Þorsteinsson, FTR

Ármann H. Guðmundsson, FRV

Vagn Jóhannes Jónsson, FRV

Árni Jóhannsson, FÍS

Guðmundur Sigurðsson, FÍS

Reynir Jónsson, RFN

Helgi Guðmundsson, FRS

Arnar Stefánsson, RFS

Ívar Baldvin Júlíusson, RSÍ-UNG

Páll Þór Vilhelmsson, RSÍ-UNG



Starfsnefndir miðstjórnar:

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarféлага:

Ísleifur Tómasson

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga:

Ísleifur Tómasson, Sigurður Geirsson og Ísleifur Árni Jakobsson

Launanefnd RSÍ:

Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson, Jakob Tryggvason, Kristján Helgason og Jón Hafsteinn Jóhannesson

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ:

Rúnar Bachmann, Jakob Tryggvason, Trausti Þór Friðriksson, Adam Kári Helgason og Jón Óskar Gunnlaugsson

Orlofsnefnd RSÍ:

Guðrún S. Bergþórsdóttir, Einar Á. Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Orri Þór Bogason og Ársæll Freyr Hjálmsón.

Golfnefnd:

Guðbjörn Ólafsson, Guðni Ingimarsson, Hjalti Rúnar Sigurðsson, Óskar Ingi og Davíð Arngrímsson.

Stjórn Rafiðnaðarskólans:

Sigurður Sigurðsson og Ásvaldur Kristjánsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar í Flókalundi:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar á Einarstöðum:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar í Ölfusborgum:

Ísleifur Tómasson

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs:

Ísleifur Tómasson, Björn Eysteinnsson og Guðrún Guðmundsdóttir

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna:

Tómas Bjarni Tómasson og Þorvarður Hjaltason

Stjórn Verkiðnar:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík:

Björn Ágúst Sigurjónsson og Ísleifur Tómasson



Skoðunarmenn RSÍ:

Aðalmenn: Anna Sigríður Melsteð og Haukur Ágústsson
Varamaður: Árni H. Jóhannsson

Stjórnarmenn Stafa, kosnir á aðalfundi 2015:

Aðalmenn: Jakob Tryggvason og Svavar Jón Bjarnason
Varamaður: Bára Halldórsdóttir

Kjörnefnd Stafa lífeyrissjóðs:

Aðalmaður: Rúnar Bachmann

Stjórn og nefndir ASÍ:

Miðstjórn ASÍ:

Aðalamaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson
Varamaður: Jens Heiðar Ragnarsson

Alþjóðanefnd:

Aðalmaður: Helgi Jónsson
Varamaður: Björn Eysteinnsson

Atvinnumálanefnd:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson
Varamaður: Björn Eysteinnsson

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:

Aðalmaður: Ísleifur Tómasson
Varamaður: Bára Halldórsdóttir

Menntanefnd:

Aðalmaður: Jens Heiðar Ragnarsson
Varamaður: Stefán Sveinsson

Efnahags- og skattanefnd:

Aðalmaður: Björn Ágúst Sigurjónsson
Varamaður: Jón Óskar Gunnlaugsson

Lífeyris- og veikindaréttarnefnd:

Aðalmaður: Bára Halldórsdóttir
Varamaður: Jakob Tryggvason

Skipulags- og starfsháttanefnd:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson
Varamaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir

Velferðarnefnd:

Aðalmaður: Ísleifur Tómasson
Varamaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir



Vinumarkaðsnefnd:

Aðalmaður: Björn Ágúst Sigurjónsson

Varamaður: Þórunn Stefanía Jónsdóttir

Umhverfisnefnd:

Aðalmaður: Björn Eysteinnsson

Varamaður: Svanborg Hilmarsdóttir

Tilnefndur af miðstjórn ASÍ: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Listasafn ASÍ:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Fulltrúaráð Starfsendurhæfingarsjóðs:

Ísleifur Tómasson

Vísinda- og tækniráð:

Varamaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Félagsdómur:

Aðalmaður: Valgeir Jónasson

Varamaður: Bjarni Sigfússon

Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum

Sveinsprófsnefnd sterkstraums:

Sigurður Sigurðsson formaður, Einar Ragnarsson og Stefán Sveinsson

Sveinsprófsnefnd veikstraums:

Davíð E. Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Þorsteinn Jóhannsson

Menntasjóður rafiðnaðarins:

Aðalmenn: Rúnar Bachmann formaður og Örn Kristinsson

Varamaður: Ragnar G. Gunnarsson

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans:

Sigurður Sigurðsson og Ásvaldur Kristjánsson

Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins:

Guðmundur Ævar Guðmundsson og Andri Jóhannesson

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins

Aðalmenn: Svanborg Hilmarsdóttir, rafvirki

Bjarni Þór Ólafsson, símsmiður

Jón Ingi Skúlason Öfjörð, rafveituvirki

Varamenn: Þórunn Stefanía Jónsdóttir, rafeindavirki

Jakob Tryggvason, tæknimaður

Stefán Sveinsson, rafvirki



Nemaleyfisnefnd sterkstraums

Aðalmenn: Ísleifur Tómasson

Stefán Sveinsson

Varamaður: Jens Heiðar Ragnarsson

Nemaleyfisnefnd veikstraums

Aðalmenn: Hjörtur Bjarnason

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Sighvatur D. Sighvatz

Stjórnir og nefndir erlendis

Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF):

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ

Ísland sinnir formennsku 2015 - 2017

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejds miljø) NEF:

Ísleifur Tómasson, formaður nefndarinnar

Menntanefnd NEF:

Stefán Sveinsson

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejds miljø) NBTF:

Ísleifur Tómasson

Stjórn NBTF:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn EBTF:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn UNI-ICTS:

Aðalmaður: Grétar Birkir Guðmundsson

Varamaður: Björn Eysteinnsson



Stjórnir aðildarfélaga RSÍ



Félag íslenskra rafvirkja

Formaður: Borgþór Hjörvarsson
Varaformaður: Adam Kári Helgason
Ritari: Guðmundur Ævar Guðmundsson
Gjaldkeri: Óskar Ingi Gunnarsson
Meðstjórn:
Hilmar Guðmannsson
Hrafn Guðbrandsson
Valdimar Hannesson

Félag rafeindavirkja

Formaður: Eyjólfur Ólafsson
Varaformaður: Hörður Bragason
Ritari: Davíð E. Sigmundsson
Gjaldkeri: Andri Jóhannesson
Meðstjórn:
Haukur Ágústsson
Þórarinn Ólafsson
Örn Kristinsson

Félag íslenskra símamanna

Formaður: Birna Dögg Gränz
Varaformaður: Jón Hafsteinn Jóhannsson
Ritari: Eva K. Benjamínsdóttir
Gjaldkeri: Guðrún S. Bergþórsdóttir
Meðstjórn:
Trausti Þór Friðriksson

Rafiðnaðarfélag Norðurlands

Formaður: Helgi Jónsson
Varaformaður: Finnur Víkingsson
Ritari: Reynir Jónsson
Gjaldkeri: Gústaf Eggertsson
Meðstjórn:
Árni Skarphéðinsson
Sigurður Hjaltason

Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

Formaður: Ómar Baldursson
Varaformaður: Steinar Guðjónsson
Ritari: Þorvaldur Þorvaldsson

Gjaldkeri: Birgir Sigurjónsson

Meðstjórn:
Anný Guðmundsdóttir
Helgi Guðmundsson

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Formaður: Jón Óskar Gunnlaugsson
Varaformaður: Eiríkur A. Björgvinsson
Ritari: Guðni Ingimundarson
Gjaldkeri: Jón Grétar Herjólfsson
Meðstjórn:
Aron Valgeir Gunnlaugsson

Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús

Formaður: Atli Már Sigurjónsson
Ritari: Gunnar Ásgeirsson
Gjaldkeri: Rúnar Páll Brynjúlfsson
Meðstjórn:
Einar Á. Kristinsson
Kristinn Einarsson

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Formaður: Jakob Tryggvason
Varaformaður: Hafliði Sívertsen
Ritari: Hafþór Ólafsson
Gjaldkeri: Páll Sveinn Guðmundsson
Meðstjórn:
Sigurjón Ólason

RSÍ-UNG

Formaður: Svanborg Hilmarsdóttir
Meðstjórn:
Atli Rafn Sívertsen – FTR
Árni Grétar Torfason – FRS
Eiríkur Arnar Björgvinsson – RFS
Fannar Scheving Edwardsson – FTR
Gauti Þorvaldsson – FÍR
Halla Vilborg Jónsdóttir – FÍS
Halldór Gauti Kárasón - RFN
Hlynur Ingvi Samúelsson – FRV
Svandís Kristbergdóttir – FÍS



Kjarasamningar 2014-16

Frá síðustu skýrslu miðstjórnar hefur æði margt gerst í kjaramálum. Í júní 2015 ákváðu félagsmenn aðildarféлага RSÍ á almenna markaðnum (RSÍ-SA/SART) að nauðsynlegt væri að leggja niður störf til þess að ná fram ásættanlegum kjarasamningi þar sem tekið væri á hækkun launa ásamt því að gera nokkuð viðamiklar breytingar á ákvæðum þess kjarasamnings. Kröfur voru uppi um að færa taxa nær greiddu kaupum sem þýddi hækkun á töxtum um tæp 20% ásamt því að færa þyrfti verkfæragjald rafiðnaðarmanna út úr lágmarkslaunum þeirra ásamt fleiri atriðum sem fram komu í kröfugerð sem unnin var á metnaðarfullan hátt veturinn á undan. Mótun kröfugerðar hófst haustið 2014 og hafði formaður RSÍ og starfsmenn fengið skýra línu frá samningarnefndarmönnum, trúnaðarmannaráðstefnu og félagsmönnum varðandi þessi mál. Í nokkuð langan tíma höfðu verið uppi háværar kröfur um að taka út ákvæði um að heimilt væri að greiða orlofs- og desemberuppbót út jafnóðum og birta þær upphæðir innifaldar í töxtum ásamt því að færa verkfæragjaldið út úr lágmarkslaunum svo dæmi sé tekið. Það var því ekki tilviljun að mikil áhersla var lögð á þessi málefni.

Með samstarfi við önnur iðnaðarmannafélög tókst að hækka lágmarkslaun rafiðnaðarmanna sem og annarra iðnaðarmanna um rétt um 13% en taxtar hjá rafiðnaðarmönnum hækkuðu mest um 16%. Þessu til viðbótar var verkfæragjaldið fært út úr töxtunum og í dag skal greiða 5,7% verkfæragjald fyrir rafvirkja eigi þeir að útvega verkfæri sjálfir en gjaldið er lægra hjá rafeindavirkjum (4,8% eða 3% allt eftir því við hvaða aðstæður þeir vinna). Því gat sá einstaklingur sem tók laun samkvæmt lágmarkslaunum hækkað um í kringum 19%.

Launahækkun árið 2015 var almennt með þeim hætti að starfsmenn fengu ákveðna launaprúnartýggingu sem tók mið af upphæð launa. Með þessu móti var það tryggt af hálfu atvinnurekenda að stærstur hluti launaskalans naut svipaðrar krónutöluhækkunar en auðvitað tryggðu þeir jafnframt að þeir sem nutu hæstu launanna fengju fleiri krónur en aðrir. Auk þess mátti draga launaskrið frá þeirri launahækkun sem viðkomandi átti að njóta en starfsmenn áttu þó ekki að hækka um minna en 3,2%.

Þessi aðferð fór mjög illa í félagsmenn RSÍ sem og flestra iðnaðarmannafélaganna en sátt var um að lágmarkslaunin yrðu leiðrétt. Þess ber þó að geta að flestir félagsmenn RSÍ nutu launahækkunar upp á um það bil 5,5% til 6,2%, ef þeir voru fyrir ofan taxa. Þessu til viðbótar bættist síðan verkfæragjaldið og hækkuð laun þeirra sem voru á þessu reiki um 1,5 – 5,7% til viðbótar, allt eftir samspili upphæðar launa og verkfæragjalds. Þetta gat þýtt heildar hækkun í kringum 12%. Númeraðir taxtar RSÍ voru jafnframt uppfærðir og undirritaðir af SART þar sem þeir voru hækkaðir frá fyrra ári. Þeir félagsmenn sem voru með tengingu inn í launatöflu fengu þar með meiri launahækkanir en almennt gerðist auk þess að fá verkfæragjaldsgreiðslu til viðbótar við taxtan.

Við breytingu á orlofs- og desemberuppbót þurfti hins vegar að færa þá upphæð á milli og hefja útgreiðslu á þeim tímasetningum sem kjarasamningurinn gerir ráð fyrir almennt.

Það var því degi áður en verkfall átti að skella á að samninganefnd RSÍ skrifaði undir nýjan kjarasamning. Samninganefndin taldi innihald samningsins vera þannig að líklegt skyldi ætla að hann yrði samþykktur í atkvæðagreiðslu. Í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar tapaði RSÍ máli fyrir Félagsdómi þegar starfsmenn RÚV ákváðu nánast 100% að leggja niður störf en SA var ósátt við með hvaða hætti atkvæðagreiðslan fór fram, hún var sameiginleg þeirra aðildarféлага sem aðild áttu að þeirri deilu. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að slíkt væri ekki heimilt sökum þess að nauðsynlegt væri að vita nákvæmlega hver vilji félagsmanna væri innan hvers félags. Þó svo að ljóst var að vilji allra félagsmanna væri skýr þá átti atkvæðagreiðsla að vera hjá hverju félagi fyrir sig. Því var atkvæðagreiðsla um átök á almennum vinnumarkaði framkvæmd með þeim hætti að hvert félag greiddi atkvæði um boðun vinnustöðvunar.



Þegar kjarasamningur var sendur í atkvæðagreiðslu á meðal félagsmanna var ákveðið að telja ekki úr einum potti líkt og venjulega hefur verið gert, m.a. vegna niðurstöðu Félagsdóms. Niðurstaðan varð þá á þann veg að landshlutafélög innan RSÍ felldu kjarasamninginn en önnur félög samþykktu hann. Í samtali við félagsmenn landshlutafélaganna kom skýrt fram að menn vildu viðhafa eina atkvæðagreiðslu í framtíðinni en sama afstaða kom fram hjá þeim félögum sem sátu með samþykktan samning, þetta væri einn samningur og niðurstaðan ætti að vera ein og sú sama. Því verður sú aðferð viðhöfð í framtíðinni að gildi kjarasamningsins verður ein og sú sama eins lengi og mögulegt er.

Sérkjarasamningar RSÍ voru uppfærðir í samræmi við þá línu sem lögð var á almennum vinnumarkaði eftir að starfsmenn komu úr sumarfríum. Lauk þeirri vinnu þó ekki fyrr en í byrjun árs 2016 þar sem fjöldi samninga er mikill og er til að mynda einn samningur þar sem RSÍ hefur takmarkað verkfallsheimild á móti því að starfsmenn njóta launaskriðs til samræmis við sérstaklega skilgreindan hóp. Því þurfti að bíða eftir niðurstöðu úr öllum samningum áður en mögulegt var að ljúka gerð þess samnings.

Aðilar á almennum vinnumarkaði skrifuðu undir rammisamkomulag sem tryggja átti sambærilegar launahækkningar á almennum og opinberum vinnumarkaði með þeim hætti að miðað var við launahækkningar sem Gerðardómur kvað upp skömmu áður. Í rammisamkomulaginu var tryggt að ASÍ og SA þyrftu að yfirfara launahækkningar og bæta í þegar umsamdar launahækkningar. Skýrt kom fram í rammisamkomulaginu að semji aðilar um aukin réttindi í lífeyrissjóðum þá skuli meta kostnað vegna slíks enda um hreinan kostnaðarauka við kjarasamninga að ræða. Að sama skapi skyldu opinberir starfsmenn gera slíkt hið sama ef breyta ætti réttindum þeirra úr lífeyrissjóðum, þá skyldi slíkur aukinn kostnaður dragast frá launaskriðstryggingu framtíðarinnar.

Í október 2015 skrifaði samninganefnd ASÍ undir viðbrögð við rammisamkomulaginu og tryggði kostnaðarauka kjarasamninga upp á tæplega 32% frá nóvember 2013 til loka árs 2018. Launahækkun sem átti að koma til 1. maí 2016 var flýtt til 1. janúar sama ár, auk þess varð hækkunin 0,7% hærrí en áður hafði verið samið um eða 6,2%. Launahækkun árið 2017 var hækkuð úr 3% upp í 4,5% og loks hækkaði síðasta launahækkun samningstímans úr 2% í 3%. Þessu til viðbótar var samið um hækkuð iðgjöld í lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði á þann veg að iðgjöld hækka um 3,5 prósentustig til ársins 2018 og telst það til aukins kostnaðar kjarasamninganna.

Þann 1. apríl 2016 skrifuðu starfsmenn ISAVIA, sem eru fagmenntaðir á sviði rafiðngreina, undir fyrirtækjapátt aðalkjarasamnings sem tryggir öllum starfsmönnum sem starfa eftir þessum samningi þau réttindi sem eldri starfsmenn njóta nú þegar og byggja á ríkisákvæðum. Var sá samningur settur í atkvæðagreiðslu á meðal þeirra starfsmanna sem undir samninginn falla og var hann samþykktur í atkvæðagreiðslunni. Samningurinn er mikilvægt skref inn í framtíðina en ljóst er að betur má gera í næstu lotu og gera má ráð fyrir að starfsmenn muni vilja skýra ákvæði betur í framtíðinni. Mikilvægt skref í að tryggja réttindi starfsmanna var því tekið hjá RSÍ og ISAVIA.

**Listi yfir kjarasamninga**

Hér eru listaðir upp gildandi kjarasamningar sem RSÍ gerir við hin ýmsu samtök atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Rétt er að útskýra númer samninganna en mismunandi réttindi eru hjá félagsmönnum eftir starfsaldri hjá viðkomandi fyrirtæki og nauðsynlegt er að lista upp mismunandi iðgjaldaprósentur til samræmis við viðkomandi samning. Í félagakerfi RSÍ eru félagsmenn merktir með þessum númerum.

Nr.	Kjarasamningur	Nr.	Kjarasamningur
01A	RSÍ - SA/SART - Aðrir	17A	ISAL
01B	RSÍ - SA/SART - Rafvirkjar	17B	ISAL - rafvirkjar
01C	RÚV - í starfi fyrir 1.apr.2007	18A	Norðurál
01D	RÚV - Rafvirkjar	18B	Norðurál - rafvirkjar
01E	RÚV eftir 1.apr.2007	19A	Alcoa Fjarðaál - Rafvirkjar
01F	Isavia	19B	Alcoa Fjarðaál - Aðrir
01H	Isavia - rafvirkjar	20A	Elkem - Rafvirkjar
03A	Stórframkv.samningur - Rafvirkjar	20B	Elkem - Aðrir
04A	Kögun	21A	Sementsverksmiðjan
05A	FÍS/RSÍ - Síminn (eldri en 31.12.1996)	22A	Steinullarverksmiðjan - Rafvirkjar
05B	FÍS/RSÍ - Síminn (eftir 31.12.1996)	23A	OR
05C	FÍS/RSÍ - Já upplýsingaveitur - fyrir	23B	Gagnaveita Reykjavíkur
05D	FÍS/RSÍ - Já upplýsingaveitur - eftir	24A	RARIK
08A	RSÍ - Símann/Mílu (fyrir 31.12.1996)	25A	Landsnet
08B	RSÍ - Símann/Mílu (eftir 31.12.1996)	26A	Landsnet – Stjórnstöð
08C	RSÍ - Radíómiðun/Sensa/Staki/Talenta	27A	Landsvirkjun
10A	Félag atvinnurekenda	29A	HS Orka
11A	Ríkissamningur	40A	SART sjúkrasjóður
12A	365 miðlar	40B	SART eftirmennt
13A	Sýningarstjórar	40C	SART sjúkrasj & eftirmennt
14A	Sena og Kvikmyndahúsið	50A	Fæðingarorlofssjóður
15A	Reykjavíkurborg	51A	Vinnumálastofnun
16A	Borgarleikhús		
17A	ISAL		
17B	ISAL - rafvirkjar		

Mynd 6: Listi yfir kjarasamninga sem RSÍ gerir




Fjöldi atvinnuleitenda

Atvinnuleysi á meðal rafiðnaðarmanna gekk töluvert hratt niður eftir efnahagshrunið 2008. Þegar ástandið var verst fór atvinnuleysið upp í ríflega 5% en þá voru 220 félagsmenn á atvinnuleysisrá í ágúst 2009. Atvinnuleysi hafði vart þekkt hjá félagsmönnum RSÍ til þessa tíma og var almennt mjög nærri 0% á meðan „góðæristíminn“ gekk yfir. Í september 2011 var atvinnuleysi meðal félagsmanna komið niður í 3% og fjöldi þeirra sem voru í atvinnuleit kominn niður í 137 manns. Alla tíð síðan hefur dregið enn frekar úr atvinnuleysi. Það hefur á undanförunum árum verið í kringum 1%.

Atvinnuleitendur		Ág '09	Sept '11	Jan '12	Júl '12	Okt '13	júl '14	mar '15	des '15
Félag nema	FNÍR	5	-	-	-				
Félag símsmiða	FSS	5	-	-	-				
Félag tæknifólks	FTR	102	53	51	44	17	13	21	14
Rafniðnaðarfélag Norðurl.	RFN		3	3	2	0	0	0	2
Félag ísl. rafvirkja	FÍR	77	40	28	26	18	12	12	10
Félag rafeindavirkja	FRV	30	20	19	14	15	7	9	6
Félag rafiðnaðarmanna Suðurl.	FRS		5	4	2	0		0	0
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	RFS		2	1	2	1	1	1	1
Félag ísl. símamanna	FÍS		13	18	16	12	9	5	7
Félag sýningarmanna	FSK	1	1	1	1	2	2	0	0
Samtals		220	137	125	107	65	44	48	40

Mynd 7: Fjöldi atvinnuleitenda

Fjöldmargir félagsmenn RSÍ hafa flust af landi brott frá 2009. Eflaust hefur þó nokkur hópur flutt aftur heim á sama tíma. Rafiðnaðarmenn ganga auðveldlega í vel launuð störf, t.d. í Noregi, enda eru þeir eftirsóttir starfskraftar þar ytra. Íslenskir rafiðnaðarmenn þekkja sitt fag gríðarlega vel og geta auðveldlega stýrt stórum verkefnum. Þessi staðreynd gerir það að verkum að atvinnuleysisstölur hér heima gefa ekki endilega rétta mynd af raunverulegu atvinnuleysi. Atvinnuástand í Noregi ásamt veikri norski krónu hefur auk þess þau áhrif að rafiðnaðarmenn eru í miklu minni mæli að ferðast á milli landa til að sækja vinnu erlendis. Laun rafiðnaðarmanna í Noregi „lækkuðu“ í íslenskum krónum talið um 25% þegar olíuverð lækkaði og norska krónan lækkaði verulega.



Mynd 8: Próun á fjölda atvinnuleitenda frá 2009 til 2015



Hins vegar eru engar formlegar skráningar haldnar um menntun fólks sem flytur af landi brott. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins hefur skráð niður fjölda þeirra rafvirkja sem sótt hafa þjónustu þeirra við að þýða réttindi yfir á annað Norðurlandamál. Hátt í 600 manns hafa fengið sveinsbréf þýtt. Það þarf ekki að þýða að allir hafi farið utan og staðfestir ekki fjölda þeirra sem hafa flust af landi brott því ekki er gerð formleg krafa um að menn fái þessa staðfestingu.

Íslenskir rafvirkjar, rafveituvirkjar og símsmiðir þurfa að sækja um DSB-vottun í Noregi ætli þeir að fá að starfa sem sveinar þar í landi og fá greidd laun í samræmi við kjarasamninga EI&IT. Þetta á ekki við um þá sem eru með sveinsbréf í rafeindavirkjun þar sem rafeindavirkjun tilheyrir ekki löggiltum iðngreinum í Noregi. Rafeindavirkjar geta því gengið beint inn í störf þar ytra án þessarar vottunar. Starfsheiti rafeindavirkja er lögverndað en ekki löggilt.

Þeir rafvélavirkjar sem hafa sótt um DSB-vottun í Noregi hafa hins vegar fengið höfnun sökum þess að menntun þeirra er ekki þekkt í Noregi. Norðmenn vilja meina að um vélamenntun sé að ræða. Þetta hefur ekki enn fengist leiðrétt en rík ástæða er til þess að svo verði.



Launakönnun RSÍ 2015

Rafiðnaðarsambandið hefur fengið Capacent til þess að gera launakönnun á meðal félagsmanna í september ár hvert frá 2006. Mikill og góður gagnabanki hefur með þessu móti myndast sem er aðgengilegur félagsmönnum í gegnum vefsíðu RSÍ. Mögulegt er að fylgjast með þróun dagvinnulauna, heildarlauna, fjölda vinnustunda og fleiri þátta og mikilvægt er að halda þessari vinnu áfram.


RSÍ hefur þó verið gagnrýnt fyrir það að niðurstöður þessarar könnunar séu of háar, dagvinnuhluti launa hafi verið úr takti við raunveruleikann. Í kjölfar þeirrar gagnrýni var ákveðið að greina betur hvaða hópur svaraði þessari könnun, hvaða atvinnugrein þeir tilheyrðu. Skipt var niður á byggingageirann, fjarskiptageirann, þjónustu, upplýsingageirann og svo framvegis. Þessi sundurliðun hefur nú verið birt í nokkur ár og gefur góða mynd af stöðu okkar greina.

Bersýnilega kom í ljós eftir þessa sundurliðun að byggingageirinn greiddi lægstu launin í rafiðnaði. Það staðfestir gagnrýni flestra þeirra sem mæta á félagsfundum. Almenn er það félagsmenn okkar sem vinna í byggingariðnaði og eru dagvinnulaun þeirra með þeim lægstu hjá okkur. Þessi staða er sambærileg um allt land.

Að þessu sinni var ákveðið að stækka úrtakið verulega en öllum félagsmönnum RSÍ gafstfæri á að taka þátt í þessari könnun og var þátttaka mjög góð. Alls voru 4.232 félagsmenn í úrtakinu, 1.787 félagsmenn tóku þátt eða 42%.

Nýrri spurningu var bætt við könnunina þar sem spurst var fyrir um starfsaldur hjá núverandi vinnuveitanda. Það kom ekki á óvart að starfsaldur er almennt lægri í ákveðnum greinum eins og í byggingariðnaði en þar byrja margir sinn starfsferil en færast oft yfir í aðrar þjónustugreinar. Að meðaltali voru 23,3% félagsmanna með styttri starfsaldur en 3 ár og örlítið fleiri sem höfðu 16 ára starfsaldur eða lengri eða 23,7%.

Starfsaldur hjá núverandi vinnuveitanda



GALLUP®




Mynd 9: Starfsaldur hjá núverandi vinnuveitanda



Þegar félagsmenn eru spurðir út í vinnutíma þá er vinnutími fólks í fullu starfi að meðaltali 187 klst. Í fullri dagvinnu eru 173,33 klst. að meðaltali og því ljóst að almennt er nokkur yfirvinna unnin í mánuðinum.

Vinnutími fólks í fullu starfi – september 2015




Mynd 10: Vinnutími fólks í fullu starfi

Fjöldi yfirvinnutíma hefur sveiflast örlítið á undanförunum árum. Árið 2008 voru yfirvinnutímar að meðaltali 31 en í fyrra voru þeir 20 klst.



Vinnutími – yfirvinnutími fólks í fullu starfi



Mynd 11: Yfirvinnutími fólks í fullu starfi

Mikilvægustu upplýsingarnar úr launakönnuninni fyrir RSÍ eru heildardagvinnulaun okkar félagsmanna. Einu upplýsingarnar sem tiltækar eru á íslenskum vinnumarkaði um dagvinnulaun okkar félagsmanna fást með launakönnun sem þessari. Skrifstofa RSÍ getur á tiltölulega einfaldan hátt nálgast upplýsingar um heildarlaun félagsmanna en þær upplýsingar nýtast ekkert til þess að greina raunverulega stöðu okkar fólks. Markmið RSÍ er að ná að hækka dagvinnulaun og þá þannig að fólk geti lifað mannsæmandi lífi á dagvinnulaunum í stað þess að þurfa að vinna langan vinnudag eingöngu til að ná endum saman. Markmið samninganna í júní 2015 var einmitt að taka á dagvinnulaunum sérstaklega.

Í september 2015 voru meðaldagvinnulaun rafiðnaðarmanna 491 þúsund. Dagvinnulaunin eru þar með að hækka um 8,2% á milli ára eða úr 454 þúsundum. Eins og sjá má í meðfylgjandi mynd þá hafa meðaldagvinnulaun rafiðnaðarmanna hækkað um 71% frá árinu 2006 og þar af hafa laun hækkað um ríflega 34% frá árinu 2011.

Á sama tíma og dagvinnulaun hækkuðu um 8,2% á milli ára að meðaltali þá var ársverðbólga eingöngu 1,9%. Því hefur kaupmáttur heildardagvinnulauna félagsmanna RSÍ aukist um 6,3% ef við miðum við þessar upplýsingar.




Mánaðarlaun í september 2015 – Fullt starf

Með mánaðarlaunum er átt við grunnlaun fyrir skatta. Ekki er átt við greiðslur fyrir yfirvinnu, álag eða bónusa.

Meðaltal	491.326 kr.
Vikmörk ±	8.943 kr.
Staðalfrávik	154.835 kr.
Miðgildi	455.279 kr.

12 mánaða verðbólga í september
Breyting á mánaðarlaunum milli ára



GALLUP®



Mynd 12: Heildardagvinnulaun fólks í fullu starfi

Ef rýnt er í nánari sundurgreiningu á því hver heildardagvinnulaunin eru eftir aldri, kyni, menntun eða jafnvel búsetu þá kemur bersýnilega í ljós að dagvinnulaun hækka með hækkandi aldri, upp að vissu marki. Við sjáum að laun karla eru hærri en kvenna þegar menntun er minni en sveinspróf. Þó er vert að vekja sérstaka athygli á að laun kvenna með sveinspróf eða meira eru töluvert hærri en karla með sömu menntun. Munar þar alls 6,2% á milli hópanna. Það hefur lengi loðað við rafiðnaðinn að konur með sveinspróf fái greidd hærri dagvinnulaun en karlar.

Mánaðarlaun í september 2015 – Fullt starf - Greiningar

	Meðaltal í kr.	Þróun
Kyn		
Karlar	493.519	37.780 *
Konur	473.573	35.204
Aldur *		
18-24 ára	361.829	8.925
25-34 ára	440.801	22.949
35-44 ára	519.037	31.992 *
45-54 ára	524.738	33.100
55-67 ára	483.725	56.778 *
Búseta *		
Reykjavík	494.024	27.326 *
Nágrannasv.félög R.víkur	518.700	38.735 *
Önnur sveitarfélög	458.097	47.957 *
Menntun *		
Grunnskólapróf +/-	466.528	55.642 *
Lokið framhaldsskóla	469.396	4.494
Lokið iðnnámi (án sveinsprófs)	459.741	-10.647
Lokið sveinsprófi	462.502	34.605 *
Lokið meistaranámi	493.209	70.334 *
Lokið iðntækninámi	543.878	69.226 *
Lokið háskólanámi	596.799	30.155
Kyn og menntun *		
Karlar með iðnnám eða minna	480.704	25.648
Konur með iðnnám eða minna	413.220	-2.162
Karlar með sveinspróf eða meira	497.977	41.210 *
Konur með sveinspróf eða meira	528.730	38.717

* Marktækur munur á meðaltölum

Mynd 13: Heildardagvinnulaun – fullt starf

GALLUP®




Einnig er spurt út í hver heildarlaun félagsmanna eru en vekjum við sérstaka athygli á að þær tölur eru samanburðarhæfar við upplýsingar úr félagakerfi RSÍ. Það hefur ætíð verið töluvert góð fylgni á milli þeirra talna. Þessar tölur er jafnframt mögulegt að bera saman við upplýsingar frá Hagstofu Íslands og ber þeim einnig nokkuð vel saman þó svo að það sé alltaf einhver munur. Næsta tafla sýnir hvernig heildarlaun rafiðnaðarmanna hafa þróast á undanförunum árum. Á milli árunna 2014 og 2015 hækkuðu heildarlaun um 8,0% á meðan verðbólga var 1,9% eins og áður sagði Heildarlaun námu að meðaltali 617.000 kr. Heildarlaun rafiðnaðarmanna hafa þá hækkað um 60,7% frá árinu 2006. Sérstök athygli er vakin á því að á sama tíma hefur yfirvinnutímum fækkað og því má draga þá ályktun að raunhækkun sé meiri.

Heildarlaun í september 2015 – Fullt starf

Með heildarlaunum er átt við allar greiðslur; mánaðarlaun, bónus, yfirvinnu og aðrar greiðslur.

Meðaltal	617.196 kr.
Vikmörk ±	11.062 kr.
Staðalfrávik	194.775 kr.
Miðgildi	580.000 kr.




GALLUP®

Mynd 14: Heildarlaun fólks í fullu starfi



Heildarlaun í september 2015 – Fullt starf - Greiningar



GALLUP®

Mynd 15: Heildarlaun fólks í fullu starfi - greiningar


Áhugavert er að greina heildarlaun eftir kyni sem og menntun. Það er ljóst að karlar með sveinspróf eða meiri menntun hafa nokkuð hærri heildarlaun en konur með sömu menntun. Rétt er þó að benda á að konur með sveinspróf eða meiri menntun unnu að meðaltali 180 klst. í mánuðinum en karlar með sambærilega menntun unnu að meðaltali 188 klst.



Að þessu sinni var meira um nýjar spurningar og ein þeirra varðaði tímakaup þeirra sem starfa í því umhverfi að fá greitt tímakaup en ekki föst mánaðarlaun. Sá hópur er nokkuð stór en á sennilega helst við um byggingariðnaðinn en 19,6% svöruðu því til að þeir fengju greitt tímakaup. Að meðaltali er tímakaup rafiðnaðarmanna 2.338 kr, á meðal þeirra sem fá greitt með tímakaupi.

Tímakaup

Eingöngu þeir sem svöruðu að tímakaup væri fyrirkomulag launagreiðslna voru spurðir þessarar spurningar.



GALLUP®

Mynd 16: Upphæð tímakaups



Launatafla 1. Meðallaun svarenda í fullu starfi eftir stéttarfélagi

	Mánaðarlaun í þús. kr. Launadreifing				Heildarlaun í þús. kr. Launadreifing				Fjöldi	Heildarlaun í þús.kr. Meðaltal með 25% og 75% mörkum
	Meðal- tal	25% mörk	Mið- gildi	75% mörk	Meðal- tal	25% mörk	Mið- gildi	75% mörk		
Alls	491	385	455	562	617	479	580	720	1155	
Stéttarfélag										
Félag rafeindavirkja	529	414	510	625	651	524	631	753	207	651
Félag íslenskra rafvirkja	484	383	448	550	647	500	600	750	415	647
Félag íslenskra símamanna	492	398	470	575	539	420	502	607	145	539
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	420	372	421	482	593	490	543	699	23	593
Rafvirkjafélag Norðurlands	455	391	430	498	617	470	610	730	42	617
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	436	358	418	483	668	530	634	800	26	668
Félag tæknifólks í rafiðnaði	491	373	463	570	584	456	540	670	294	584
Félag sýningarmanna við kvikmyndahús									2	

Launatafla 2. Breytingar á mánaðarlaunum og heildarlaunum milli ára (starfsfólk í fullu starfi)

	Mánaðarlaun í þús. kr.			Heildarlaun í þús. kr.			Fjöldi		% breyting á heildarlaunum
	Meðaltal 2015	2014	% breyting	Meðaltal 2015	2014	% breyting	2015	2014	
Alls	491	454	8%	617	572	8%	1155	532	
Stéttarfélag									
Félag rafeindavirkja	529	500	6%	651	599	9%	207	131	9%
Félag íslenskra rafvirkja	484	434	11%	647	600	8%	415	191	8%
Félag íslenskra símamanna	492	446	10%	539	497	8%	145	51	8%
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	420	394	7%	593	512	16%	23	16	16%
Rafvirkjafélag Norðurlands	455	398	14%	617	557	11%	42	25	11%
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	436	402	8%	668	579	15%	26	10	15%
Félag tæknifólks í rafiðnaði	491	466	5%	584	539	8%	294	107	8%
Félag sýningarmanna við kvikmyndahús							2	1	

Mynd 17: Launatöflur eftir stéttarfélagi

Á mynd 17 má sjá samantekt heildardagvinnulauna eftir aðildarfélagum RSÍ. Sýnd eru 25% neðri mörk dreifingar dagvinnulauna sem og 75% efri mörkin. Neðri hluti myndarinnar sýnir hvernig þróun launa hefur verið á milli ára eftir aðildarfélagum. Áberandi er að félagsmenn í landshlutafélagunum eru almennt með lægri dagvinnulaun en önnur sveinafélög sem ná yfir landið að örðu leyti. Í töflunum er einnig hægt að skoða hvernig heildarlaun eru á milli félaga og ára.



Launatafla 3. Meðallaun svarenda í fullu starfi eftir atvinnugrein

	Mánaðarlaun í þús. kr.				Heildarlaun í þús. kr.				Fjöldi	Meðaltal með 25% og 75% mörkum
	Launadreifing				Launadreifing					
	Meðal tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk	Meðal tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk		
Alls	491	385	456	562	617	478	580	720	1155	
Atvinnugrein										
Byggingariðnaði	434	350	405	486	570	450	519	646	93	570
Fjarskipta fyrirtæki	509	410	485	580	587	460	560	681	225	587
Heilbrigðisþjónusta	416	329	351	460	592	507	580	654	18	592
Raforkuframleiðsla/-flutningum	396	329	366	423	671	509	615	800	81	671
Stóriðju	474	370	392	534	747	600	749	890	63	747
Verslun og/eða þjónusta	512	409	474	600	614	475	582	700	110	614
Tækniþjónusta	495	400	477	560	623	480	582	717	214	623
Tölvuiðnaði	609	470	600	720	670	538	650	776	90	670
Upplýsinga- og/eða afþreyingarþjónusta	484	368	441	535	599	471	550	700	97	599
Öryggisfyrirtæki	462	405	456	516	530	445	517	609	48	530
Annað	491	390	450	550	616	480	556	718	102	616

Launatafla 4. Breytingar á mánaðarlaunum og heildarlaunum milli ára (starfsfólk í fullu starfi)

	Mánaðarlaun í þús. kr.			Heildarlaun í þús. kr.			Fjöldi	2014	% breyting á heildarlaunum
	Meðaltal	2015	2014	% breyting	Meðaltal	2015			
Alls	491	454		8%	617	572		8%	
Atvinnugrein									
Byggingariðnaði	434	355		22%	570	479		19%	19%
Fjarskipta fyrirtæki	509	473		8%	587	538		9%	9%
Heilbrigðisþjónusta	416	434		-4%	592	597		-1%	-1%
Raforkuframleiðsla/-flutningum	396	386		3%	671	664		1%	1%
Stóriðju	474	410		16%	747	681		10%	10%
Verslun og/eða þjónusta	512	477		7%	614	555		11%	11%
Tækniþjónusta	495	453		9%	623	563		11%	11%
Tölvuiðnaði	609	579		5%	670	650		3%	3%
Upplýsinga- og/eða afþreyingarþjónusta	484	479		1%	599	546		10%	10%
Öryggisfyrirtæki	462	403		15%	530	463		15%	15%
Annað	491	492		0%	616	592		4%	4%

Mynd 18: Launatöflur eftir atvinnugrein

Árið 2013 hófum við að spyrja félagsmenn um það í hvaða atvinnugrein þeir ynnu. Flokkarnir voru ákveðnir á þeim tímavarki þannig að niðurstaðan gæti nýst okkur sem best til þess að greina stöðu hópanna. Þeir hópar sem boðið er upp á eru: byggingariðnaður, fjarskipta fyrirtæki, heilbrigðisþjónusta, raforkuframleiðsla og flutningar, stóriðja, verslun og/eða þjónusta, tækniþjónusta, tölvuiðnaður, upplýsinga- og/eða afþreyingarþjónusta, öryggisfyrirtæki og annað.

Virkilega áhugavert er að sjá hvernig launasetning er á okkar hluta vinnumarkaðar og er, eins og áður hefur verið komið að, ljóst að laun til dæmis í byggingariðnaði eru ekki samkeppnisfær við aðrar atvinnugreinar hjá RSÍ. Meðaltal heildardagvinnulauna í byggingariðnaði er til að mynda ekki nema 434 þúsund á mánuði. Þessi hópur hefur hins vegar hækkað um 22,3% á milli ára og má ætla að síðustu kjarasamningar hafi haft þau áhrif. 25% félagsmanna í byggingariðnaði eru undir 350 þúsund krónum. Launadreifing í þessum hópi er jafnframt mjög lítil en 25% af þeim launahæstu eru yfir 486 þúsund krónum á mánuði.

Tölvuiðnaður er sá iðnaður þar sem heildardagvinnulaun eru hvað hæst eða 609 þúsund kr. Í sama hópi eru 25% félagsmanna yfir 720 þúsund krónum og að sama skapi eru 25% félagsmanna undir 470 þúsund krónum.

Mesta launaskriðið í rafiðnaði á milli 2014 og 2015 var hjá félagsmönnum sem starfa í byggingariðnaði en þar mældist launaskriðið 22% í dagvinnu eins og áður sagði. RSÍ hvetur ætíð félagsmenn sína til þess að nýta þessar upplýsingar til að sækja hærra laun hjá atvinnurekanda enda vilja þeir flestir vera samkeppnisfærir á markaði.



Orlofssjóður

Nýting orlofshúsa RSÍ hefur ætíð verið mjög góð. Miðstjórn RSÍ óttaðist mjög að draga myndi verulega úr aðsókn eftir efnahagshrunið sem hér varð 2008 en reyndin er sú að aðsókn hefur frekar aukist og nýting haldist mjög góð. Í sumarúthlutun er gríðarleg eftirsókn að komast í orlofshús yfir besta tímamann. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig nýting hefur verið í orlofshúsum okkar frá árinu 2013 til ársins 2015.

Besta nýtingin hefur verið í orlofshúsinu í Vestmannaeyjum en rétt er þó að geta þess að húsið er eingöngu leigt yfir hásumarið, að verslunarmannahelginni undanskilinni sem eigandi hússins notar húsið sjálfur, og því ekki marktækt sem slíkt. Það sama á við um húsin í Súðavík og Kaupmannahöfn en þau hús eru ekki leigð allt árið. Þau hús sem ekki eru í beinni eigu RSÍ (þ.e.a.s. leigð af öðrum aðila) eru Stykkishólmur, Kaupmannahöfn, Súðavík, Klapparholt og Vestmannaeyjar (Gufuskálar voru leigðir til ársins 2012). Önnur hús eru í eigu RSÍ.

Orlofshúsið í Vatnsfirði er í eigu RSÍ en er ekki heilsársorlofshús sökum þess að hitaveitukerfið á svæðinu er ekki nægilega vel einangrað. Þetta á við um alla orlofsbyggðina á svæðinu og ljóst að ef vilji er til þess að nýta húsin allt árið þá er þörf á því að leggja í töluverðan kostnað til að einangra lagnir og hús. Á næstu árum fer að verða grundvöllur til að skoða slíkt enda er unnið að nokkuð mikilli uppbyggingu á vegakerfinu á sunnanverðum Vestfjörðum.

2015	Viðmiðun				Viðmiðun				Viðmiðun			
	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð
Hús	2015	2015	2015	2015	2014	2014	2014	2014	2013	2013	2013	2013
Reykjavík íbúðir	2.190	1.533	70,0%	5	2.190	1.677	76,6%	4	2.190	1.593	72,7%	5
Svignaskarð	730	440	60,3%	13	730	437	59,9%	13	730	413	56,6%	13
Vatnsfjörður	365	88	24,1%	23	365	86	23,6%	22	365	98	26,8%	19
Varmahlöð	365	232	63,6%	8	365	255	69,9%	6	365	207	56,7%	12
Furulundur Akureyri	1.095	808	73,8%	4	1.095	860	78,5%	3	1.095	826	75,4%	4
Vaðlatún Akureyri	365	273	74,8%	3	91	65	71,4%	5				
Vaglaskógur	365	239	65,5%	7	365	250	68,5%	7	365	132	36,2%	17
Einarsstaðir	1.095	419	38,3%	20	1.095	378	34,5%	19	1.095	294	26,8%	19
Klifabotn/Íllugastaðir	730	219	30,0%	21	730	227	31,1%	20	730	224	30,7%	18
Klaustur B hús	365	165	45,2%	17	365	174	47,7%	17	365	166	45,5%	15
Klaustur lítil hús	730	207	28,4%	22	730	200	27,4%	21	730	155	21,2%	21
Skógarnes - minni hús	1.460	891	61,0%	11	1.460	908	62,2%	10	1.460	879	60,2%	10
Skógarnes - stærri hús	3.650	2.213	60,6%	12	3.650	2.177	59,6%	14	3.650	2.206	60,4%	9
Skógarnes - aðalhús	365	218	59,7%	15	365	221	60,5%	12	365	211	57,8%	11
Stykkishólmur	150	65	43,3%	18	365	233	63,8%	9	365	243	66,6%	6
Ölfusborgir	1.095	745	68,0%	6	1.095	679	62,0%	11	1.095	726	66,3%	7
Spánn	730	463	63,4%	9	730	388	53,2%	16	730	370	50,7%	14
Kaupmannhöfn	365	224	61,4%	10	152	85	55,9%	15	217	186	85,7%	2
Súðavík	83	70	84,3%	2	83	67	80,7%	2	83	70	84,3%	3
Flúðir	90	42	46,7%	16	0	0			0	0	0,0%	
Klapparholt Borgarfirði	365	220	60,3%	13	365	235	64,4%	8	365	232	63,6%	8
Vestmannaeyjar	180	159	88,3%	1	95	95	100,0%	1	83	79	95,2%	1
Tjaldvagnar	1.168	454	38,9%	19	1.460	639	43,8%	18	1.460	636	43,6%	16
Samtals:	18.096	10.387	57,4%		17.941	10.336	57,6%		17.903	9.946	55,6%	

Mynd 19: Nýting orlofshúsa



Á mynd 20, næsta tafla, má sjá hver kostnaðurinn er af rekstri orlofshúsa RSÍ ásamt því að sýndur er samanburður á milli ára. Annars vegar er sýndur kostnaður á hverja orlofsbyggð eftir stærð húsa en síðan er fundinn kostnaður á hvert hús (meðaltal kostnaðar af sambærilegum húsum).

Áhugaverðast er að greina hversu há leigan er sem hlutfall af rekstrarkostnaði húsanna og sýnir taflan hvernig þróun leigu sem hlutfalls af kostnaði hefur verið á milli ára og síðan fimm ára meðaltal þar á undan. Að tjaldvögnum undanskildum stóð leiga best undir rekstri íbúðanna í Furulundi á Akureyri á síðasta ári eða 121,1% af rekstrarkostnaði. Þarnaest eru orlofsíbúðin í Vaðlatúni á Akureyri með leigutekjur upp á 103% af rekstrarkostnaði enda nýlega búið að taka íbúðina í notkun og rekstrarkostnaður þar af leiðandi ekki mikill.

2015	Fjöld.hús á ársgr.velli	Heildar-tekjur 2015	Heildar-gjöld 2015	Tekjur pr.hús 2015	Gjöld pr.hús 2015	Leiga sem hlutfall af rekstrar-kostnaði	2014	Meðaltal 2007 - 2015	
						2015			
Reykjavík	R1	6	6.130.900	6.177.783	1.021.817	1.029.631	99,2%	104,9%	106,4%
Svignaskarð	V1	2	1.503.400	3.578.888	751.700	1.789.444	42,0%	24,4%	44,1%
Vatnsfjörður-Flókal.	V2	1	264.000	1.182.696	264.000	1.182.696	22,3%	18,2%	27,0%
Varmahlíð	N4	1	1.050.700	1.706.092	1.050.700	1.706.092	61,6%	93,3%	100,1%
Furulundur Ak.	N2	3	2.886.330	2.383.109	962.110	794.370	121,1%	126,4%	144,7%
Vaðlatún Ak	N3	1	1.166.100	1.132.644	1.166.100	1.132.644	103,0%	65,3%	84,1%
Vaglaskógur	N1	1	1.124.000	1.311.422	1.124.000	1.311.422	85,7%	101,6%	83,1%
Einarsstaðir	A1	3	1.352.800	4.876.102	450.933	1.625.367	27,7%	40,8%	35,4%
Klifabotn/Illugastaðir	A3	2	666.600	894.810	333.300	447.405	74,5%	62,0%	63,2%
Klaustur B hús	S4	1	495.000	1.216.159	495.000	1.216.159	40,7%	110,4%	77,7%
Klaustur lítill - hús	S8	2	510.900	637.742	255.450	318.871	80,1%	102,8%	70,1%
Skógarnes - minni hús	S6	4	3.545.500	10.457.610	886.375	2.614.403	33,9%	30,4%	33,2%
Skógarnes - stærri hús	S9	10	10.168.400	26.491.646	1.016.840	2.649.165	38,4%	34,2%	45,2%
Skógarnes - aðalh.	S7	1	2.202.200	3.228.871	2.202.200	3.228.871	68,2%	62,5%	66,0%
Stykkishólmur	V4	1	297.600	941.000	297.600	941.000	31,6%	47,2%	49,1%
Ölfusborgir	S1	3	2.409.700	4.443.307	803.233	1.481.102	54,2%	54,7%	56,7%
Flúðir	S2	1	403.600	1.170.618	403.600	1.170.618	34,5%	54,7%	34,5%
Tjaldvagnar	T1	12	1.294.300	366.557	107.858	30.546	353,1%	0,0%	0,0%
Spánn	U1	2	2.143.994	2.701.136	1.071.997	1.350.568	79,4%	152,1%	116,1%
Kaupmannahöfn	K3	1	3.103.000	4.736.412	3.103.000	4.736.412	65,5%	101,8%	69,8%
Súðavík	V5	1	302.401	671.000	302.401	671.000	45,1%	41,1%	38,3%
Klapparholt - Borgaf	V7	1	983.200	3.813.380	983.200	3.813.380	25,8%	27,3%	36,2%
Vestmannaeyjar	S10	1	724.200	1.841.938	724.200	1.841.938	39,3%	69,7%	50,9%
Skógarn- Tjaldst/golfv.TJA		3	5.877.700	7.420.464	1.959.233	2.473.488	79,2%	69,7%	81,1%
Meðaltal		64	50.606.525	93.381.387	790.727	1.459.084	71,1%	66,5%	63,0%

Mynd 20: Tekjur og gjöld á hvert orlofshús

Að meðaltali eru leigutekjur 71,1% af rekstrarkostnaði húsanna en eins og nýtingarskýrslan sýndi þá er meðalnýting orlofskerfis RSÍ samtals 57,4%. Því má gera ráð fyrir því að ef mögulegt er að auka nýtingu húsanna þá stæðu leigutekjur betur undir rekstrarkostnaði.



Styrktarsjóður

Styrktarsjóður RSÍ er einn mikilvægasti sjóðurinn fyrir félagsmenn. Styrktar- og sjúkrasjóður sér um greiðslur sjúkradagpeninga þegar félagsmenn veikjast og eru frá vinnu í lengri tíma en hafa klárað veikindarétt hjá atvinnurekanda að fullu. Við þær aðstæður getur félagsmaður sótt um sjúkradagpeninga sem eru allt að 80% af heildarlaunum viðkomandi. Eins og sjá má í töflu, mynd 21, hafa sjúkradagpeningar aukist nokkuð á milli ára. Mestu sveiflurnar eru iðulega í sjúkradagpeningum enda hæstu styrkir/greiðslurnar sem eru veittir þar. Mjög áhugavert er að rýna í fjöldataölur með styrkflokkum á milli ára. 2.203 félagsmenn nýttu sér styrki á síðasta ári sem telst afar gott enda eiga félagsmenn að nýta alla þá styrki sem þeir mögulega geta!

Eingreiddar dánarbætur greiðast til aðstandenda félagsmanna sem láta lífið og eru félagsmenn aðildarfélag RSÍ. Í samtölu eingreiddra dánarbóta er búið að taka saman greiðslur til barna félagsmanna en veglegir styrkir eru greiddir til barna séu börn félagsmanna undir 18 ára aldri og greiðist ákveðin upphæð til fyrsta barns og síðan hluti til hvers barns umfram eitt.

Styrktarsjóður RSÍ		Tímabil: Jan - des 2015					
Tegund og fjöldi styrkja							
Tegund styrkja	2015		2014		Mismunur		
	Upphæð	Fjöldi umsókna/Kt.	Upphæð	Fjöldi umsókna/Kt.	Upphæð	%	Fjöldi
Aðrir styrkir	2.553.334	21	1.184.050	13	1.369.284	115,6%	8
Andlátstyrkir til barna	2.912.728	2	1.441.485	1	1.471.243	100,0%	1
Útfararstyrkir	11.226.162	26	7.575.739	17	3.650.423	48,2%	9
Ferðastyrkir	246.000	6	241.000	10	5.000	2,1%	-4
Gleraugnastyrkir	6.015.995	209	6.142.177	209	-126.182	-2,1%	0
Glasa/tæknifrjógvun	1.604.674	22	1.645.539	20	-40.865	-2,5%	2
Hjartavernd	392.171	40	490.000	49	-97.829	-20,0%	-9
Krabbameinsskoðun	571.541	70	401.474	53	170.067	42,4%	17
Líkamsræktarstyrkir	25.255.497	1.210	25.573.364	1.249	-317.867	-1,2%	-39
Læknis- og lyfjakostn.	4.368.935	58	4.857.390	59	-488.455	-10,1%	-1
Meðferð hjá Sálfræðingum	2.232.420	112	1.765.100	88	467.320	26,5%	24
Sjúkraþjálfun og nudd	5.283.900	333	5.866.500	381	-582.600	-9,9%	-48
Sjúkradagpeningar	106.508.713	88	89.592.487	84	16.916.226	18,9%	4
Líkamsræktarstyrkir til atvinnulausra	0	0	0	0	0		0
Námskeiðsst. til atv. lausra	0	0	0	0	0		0
Jólalstyrkir til atv. lausra	194.300	6	403.200	17	-208.900	-51,8%	-11
SAMTALS	169.366.370	2.203	147.179.505	2.250	22.395.765	13,2%	-47

Mynd 21: Styrktarsjóðsgreiðslur

Á undanförunum árum hefur markvisst verið vakin athygli á styrkjum sem styrktar- og sjúkrasjóður veitir til félagsmanna.



Fjölskylduhátíð RSÍ 2015

Helgina 19. - 21. júní 2015 var Fjölskylduhátíð RSÍ haldin að Skógarnesi við Apavatn. Hátíðin fór fram með hefðbundnu sniði, fjölbreytt dagskrá að vanda og því var í nógu að snúast fyrir börnin. Á hátíðinni var haldið upp á að 100 ár voru liðin frá stofnun Félags íslenskra símamanna, FÍS, og bar hátíðin þess merki.

Símahúsið var opið og boðið var upp á leiðsögn um safnið okkar í Skógarnesi en safnið er glæsilegt þó svo það sé ekki mjög stórt og er rafiðnaðarmönnum til sóma.

Venju samkvæmt þá er hátíðin fyrir félagsmenn RSÍ og fjölskyldur þeirra og er frítt inn á svæðið fyrir félagsmenn (maka og börn). Félagsmenn geta boðið gestum með sér á hátíðina en gestir þurfa að greiða aðgangseyri enda ekki ætlunin að niðurgreiða skemmtun að öllu leyti fyrir aðra en félagsmenn þó svo gjaldið sé fyrst og fremst til málamynda enda veglegur pakki sem í boði er.

Á árinu 2016 mun Félag íslenskra rafvirkja, FÍR, halda upp á 90 ára afmæli félagsins og má búast við því hátíðin verði glæsileg að því tilefni.





Erlent samstarf

NEF

Rafiðnaðarsamböndin á Norðurlöndum hafa staðið að samstarfi um áratuga skeið en mjög mikið samstarf er á milli þeirra sem hefur skilað félagsmönnum töluverðum ávinningi þegar sækja þarf um vinnu eða nám á milli landa. Með tiltölulega tíðum fundarhöldum hefur tekist að leiðrétta misskilning eða vandamál sem komið hafa upp í samskiptum þjóðanna. Gott dæmi er einfaldur misskilningur sem byggður er á tungumálaörðugleikum og þýðingum á menntun manna. Það er stigsmunur á því að vera rafvirkjameistari á Íslandi og óska eftir því að starfa sem rafvirkjameistari í Noregi þar sem ólíkt nám er að baki réttindunum og ólíkrar ábyrgðar krafist af viðkomandi.

Því er mikilvægt að þegar menn sækja um DSB-vottun í Noregi að sækja um leyfi til að starfa sem rafvirki eða rafiðnaðarmaður, eftir atvikum, en ekki meistari. Íslenskir rafiðnaðarmenn eru mjög eftirsóttir í Noregi sökum mikillar og breiðrar þekkingar og mikillar færni.

Almennt fundar stjórn NEF (formenn Rafiðnaðarsambanda hvers lands fyrir sig) tvisvar til þrisvar sinnum á ári. Fundarstaður færast á milli landa hverju sinni. Á þessu starfsári hafa verið haldnir tveir fundir þar sem málefni rafiðnaðarmanna hafa verið rædd. Þing NEF verður haldið dagana 24. og 25. nóvember 2016 og verður það haldið á Íslandi þar sem Ísland hefur sinnt formennsku síðustu tvö árin.

Málefni sem hafa verið til umræðu í stjórn NEF eru öryggismál rafiðnaðarmanna, samstarf á alþjóðavettvangi, hið Norræna módel og áskoranir þess, málefni ákvæðisvinnu og mögulega aukið samstarf á þeim vettvangi og síðast en ekki síst menntamál rafiðnaðarmanna.

Hjá NEF eru starfandi tvær vinnunefndir, vinnuumhverfisnefnd og menntanefnd. Í vinnuumhverfisnefndinni sinnir Ísleifur Tómasson formennsku á meðan Ísland leiðir hópinn. Í menntanefndinni varð það niðurstaða hópsins að Are Solli sinnti formennsku næstu tvö árin.



BWI

RSÍ er aðili að Alheimsbyggingasamtökunum BWI (Building workers International). Ekki er um stjórnarsetu að ræða og samskipti lítil. Næsta þing BWI verður væntanlega árið 2017. Samskipti hafa ekki verið beint við BWI á líðandi starfsári.

Global power trade unions

Árið 2013 hófu rafiðnaðarsambönd víðs vegar í heiminum að hittast til þess að ræða málefni rafiðnaðarmanna. Fyrsti fundurinn var haldinn á Írlandi en annar fundur var haldinn árið 2014 í Helsingjaeyri í Danmörku og sá þriðji var haldinn í Sydney í Ástralíu. Danir, Írar, Ástralir og Bandaríkjamenn hafa verið drifkraftar á þessum samráðsvettvangi. Fundirnir hafa verið vel sóttir af fólki af ýmsum þjóðernum. Auk þeirra sem þegar hafa verið taldir upp hafa Íslendingar, Norðmenn, Svíar, Finnar, Kósóvar, Rússar og Mexíkóar sótt fundina svo einhverjir séu nefndir. Næsti fundur verður haldinn í Chicago í Bandaríkjunum.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það af hálfu NEF-félaganna að ekki sé verið að búa til ný alheimssamtök heldur að gera tengslanetið þéttara. Lögð hefur verið áhersla á að ná tengingu við allar þjóðirnar og að viðkomandi lönd séu tengd alheimssamtökum á borð við BWI.

NBTF

RSÍ er aðili að Norrænu byggingamannasamtökunum (NBTF) og hefur verið lengi. Mikil umræða hefur verið í NBTF um það hvort þessi samstarfsvettvangur sé tímaskekkja sökum þess að flest þau málefni sem eru rædd í NBTF tilheyra Evrópusambandsmálum og í raun mikill undirbúningsvettvangur fyrir fundi Evrópusamtakanna í Brussel. Haldnir hafa verið fundir þar sem þessi málefni hafa verið rædd í þaula. Ekki hefur fengist niðurstaða um að hætta þessu samstarfi enda skiptir það Norðurlöndin miklu máli að ræða saman. Lagt hefur verið til að NBTF-samtökin verði sambærileg NEF-samstarfi rafiðnaðarmanna enda sjá menn hversu vel það samstarf virkar.

NBTF-samtökin eru fjölmennari en NEF og erfitt gæti reynst að hafa nákvæmlega sama fyrirkomulag og í NEF. Fleiri greinar eru þar undir og fjölbreytileikinn því meiri.

Ákveðið var að ræða þessi mál enn frekar í framtíðinni og var síðast haldinn fundur í Danmörku þar sem framtíðarnefnd NBTF fékk það hlutverk að leita leiða til að efla samstarfið. Ekki er komin niðurstaða úr þeirri vinnu en allar líkur eru á því að uppbyggingu NBTF verði breytt verulega og verði eingöngu samráðsvettvangur í framtíðinni, sem dregur verulega úr samstarfi á milli landanna.

RSÍ, Samiðn og SGS eru aðilar að NBTF. RSÍ og Samiðn hafa skipst á að sækja stjórnarfundum sem hefur verið skipt niður á fjögurra ára tímabil. RSÍ tók við fundarsókn á síðasta ársfundi NBTF sem haldinn var undir lok árs 2015.

EBTF

RSÍ og Samiðn eru aðilar að Evrópsku byggingamannasamtökunum. RSÍ sinnti stjórnarsetu árin 2011 til 2015 en Samiðn tók við því verkefni á þingi EBTF sem haldið var í Varsjá, Póllandi.

UNI Global

RSÍ er aðili að UNI Global og hefur það samstarf fyrst og fremst verið í gegnum Félag íslenskra símamanna og Félag tæknifólks í rafiðnaði.




UNI ICTS norden

FÍS hefur lengi verið aðili að UNI ICTS og voru samskipti þar mikil áður en FÍS gekk í RSÍ á sínum tíma. UNI ICTS er í tölvu- og símageiranum og eru málefni sem þar eru til umræðu tengd starfsemi þeirri er félagsmenn FÍS sinna hér á landi. Vinna í símaþjónustu, símsvörun og slíkt.

UNI MEI

FTR hefur verið að vinna að því að tengjast alþjóðasamtökum á undanförunum árum og hefur náð nokkurri tengingu inn í UNI MEI. UNI MEI stendur fyrir media, entertainment & arts. Þessi hópur tengist því sambærilegum verkefnum og félagsmenn FTR sinna hér heima.

MEI-hópurinn innan UNI er þó ekki eins rótgróinn og ICTS og hefur því reynst nokkuð snúið að ná tengingum inn í samtökin en merkilegt nokk á 2.000 manna þingi var fyrsti maðurinn sem Íslendingarnir hittu sá aðili sem veitir þessum málaflokki forstöðu. Jakob, formaður FTR, náði þar með að setja sig í meiri tengingu við umræddan hóp og bindum við miklar vonir við að samskiptin verði enn meiri í framtíðinni.



Skýrsla stjórnar Rafiðnaðarskólans fyrir árið 2015

Stjórn Rafiðnaðarskólans er þannig skipuð : Ásbjörn Jóhannesson, Ásmundur Einarsson, Sigurður Sigurðsson, og Ásvaldur Kristjánsson . Varamenn eru Helgi Rafnsson, og Hafliði Sívertsen.

Sigurður Sigurðsson er á sínu seinna ári sem formaður stjórnar skólans og mun stjórnarmaður SART taka við formennskuni á aðalfundi skólans 2016.

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á síðasta ári auk aðalfundar og er stefnt að því þeir séu fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Sú breyting varð á starfsmannahaldi skólans, að ráðinn var starfsmaður, Jakob Tryggvason, til að sinna sérstaklega félagsmönnum í Félagi Tæknifólks í Rafiðnaði, FTR, og hóf hann störf 1. september síðastliðinn. Mun hann sinna utanumhaldi námskeiða fyrir þennan hóp félagsmanna. Mun fjölbreytni námskeiða í skólanum aukast ásamt því að vonast er til aðsókn að skólanum aukist.

Að öðru leyti hefur ekki orðið breyting á starfsmannahaldinu, en starfsmenn skólans eru 7, tveir í 50 starfi og einn í 60%. Fimm af starfsmönnum skólans kenna á námskeiðum en auk þess voru 14 utanaðkomandi leiðbeinendur á skrá hjá skólanum. Það hefur verið talinn mikilvægur þáttur að styrkja tengsl við atvinnulíf og verkmenntaskóla og fá leiðbeinendur sem víðast að auk þess sem það styrkir og gefur námskeiðunum vægi.

Árið 2015 voru haldin 71 fagnámskeið með 598 þátttakendum sem gera meðaltali 8,4 þátttakendur á námskeið. Nemendum fækkaði frá árinu á undan sem skýra má með auknum umsvifum á vinnumarkaði sem auljóslega hefur áhrif á aðsókn. Miðað við þá þróun sem sjá mátti á aðsókn undangenginna ára, var hægt að gera sér vonir um að aðsókn væri að aukast í það sem var á árunum 2009 til 2012 en sem fyrr sagði þá hafði hærri atvinnustig áhrif, aðeins niður á við.

Sjá töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit aðsóknar að skólanum

Fjöldi:	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Þátttakendur	815	729	1118	827	1071	1002	717	799	769
Námskeiða	88	80	112	85	100	98	78	88	71
Kennslustundir								2419	2176
Fjöldi á fyrirl.								200	171

Heimild : Rafiðnaðarskólinn

Sum námskeið eru haldin oftari en önnur og tengist það námi í meistaraskóla rafiðna auk þess að um leið og ný tækni ryður sér til rúms, þá eykst aðsókn í hana og má þar nefna ljósleiðaranámskeiðin, en þau eru að jafnaði 2 – 3 á önn og er það í takt við þróunina sem orðin er varðandi gagnaflutning.



Á síðasta ári var nokkuð um það að námskeið væru haldin þótt ekki tækist að ná góðri þátttöku en reynslan sýnir að það getur reynst neikvætt ef námskeið er ekki haldið í einhvern tíma.

Sem fyrr þá er það stefna RSÍ að styðja við þá félaga okkar, sem lenda í því að vera án atvinnu, að sækja sér eftirmenntun í Rafiðnaðarskólanum þó að lítið hafi verið um það 2015.

Jöfn og góð aðsókn hefur verið í meistaraskóla sterkstraums og hefur hið fyrrnefnda annrúki á vinnumarkaði ekki komið eins mikið niður á honum og ætla mætti, en mikill metnaður þeirra sem stunda námið er áberandi og eru dæmi um að margir nemanna taki miklar tarnir í náminu.

Sjá töflu 2.

Tafla 2. Yfirlit yfir aðsókn í meistaraskóla rafvirkja

Rafvirkjar	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Nemendur	21	29	31	35	38	35
Útskrifaðir	24	25	20	23	17	16
Ný löggildingar	25	19	19	22	19	25

Heimild : Rafiðnaðarskólinn og Mannvirkjastofnun

Í töflunni hér að neðan, má sjá fjölda þeirra einstaklinga sem sóttu námskeið og fyrirlestra í Rafiðnaðarskólanum 2015 og eins heildarfjölda á námskeið (sækja fleira en 1 námskeið), en þar sést greinilega hvaða gildi Meistaraskóli Rafiðna hefur á aðsókn að skólanum.

Aðsókn að námskeiðum og fyrirlestrum í skólanum pr. einstakling og heildaraðsókn.

	einstakl.	heild
Þeir sem hafa tekið 1 námskeið	352	352
Þeir sem hafa tekið 2 námskeið	40	80
Þeir sem hafa tekið 3 námskeið	16	48
Þeir sem hafa tekið 4 námskeið	13	52
Þeir sem hafa tekið 5 námskeið	8	40
Þeir sem hafa tekið 6 námskeið	8	48
Þeir sem hafa tekið 7 námskeið	9	63
Þeir sem hafa tekið 8 námskeið	3	24
Þeir sem hafa tekið 9 námskeið	1	9
Þeir sem hafa tekið 10 námskeið	1	10
Þeir sem hafa tekið 11 námskeið	1	11
Þeir sem hafa tekið 16 námskeið	2	32
	454	769

Heimild : Rafiðnaðarskólinn



Fyrir utan áhrif Meistaraskólans á almenna aðsókn í Rafiðnaðarskólann þá er það skoðun skólastjóra að gæði námskeiða á meistarastigi m.a hvað varðar nýjustu tækni, ýti undir og viðhaldi gæðum annarra námskeiða í skólanum.


Að jafnaði voru um 30 nemendur í meistaránámi sterkstraums og útskrifuðust 16 á árinu. Samanburður við tölur frá Mannvirkjastofnun um þá sem sækja um löggildingu(A, B, AC, BC) sýnir að skólinn er ekki alveg að anna eftirspurn, **Sjá töflu 2**. Inn í þessum tölum MVS eru nokkrar endurnýjanir þannig að munurinn er ekki eins mikill og virðist vera.

Skólinn hefur reynt að höfða meira til orkuveitnanna með námskeiðahald en á árinu var m.a farið í að koma á lagginnar námskeiðum til þess að rafveituvirkjar gætu lokið meistaránámi í faginu.

Rafeindavirkjar hafa ekki verið margir í meistaránámi, en þeir hafa að jafnaði verið 1 -3 á ári. Enginn rafeindavirki útskrifaðist frá faghluta meistaraskólans í fyrra.


Sem fyrr þá hefur Rafiðnaðarskólinn reynt að koma til móts við þarfir veitnanna með námskeið, en þar hefur hægt gengið, bæði vegna þess að þeir leiðbeinendur sem vonir stóðu til að fengnir yrðu til verksins hefur ekki gefist tími til að útfæra þau námskeið sem til hefur staðið að þeir tækju að sér, en það stendur þó allt til bóta.

Á árinu var ráðinn starfsmaður til þess að halda utanum framboð á námskeiðum fyrir félagsmenn í Félagi Tæknifólks í Rafiðnaði, FTR, en talsverð óánægja hefur verið innan þeirra raða varðandi mögulega aðkomu þeirra að skólanum. Jakob Tryggvason, núverandi formaður FTR var ráðinn til verksins og er vonast til að með tilkomu hans fjölgi félagsmönnum FTR á námskeiðum auk þess sem að ný námskeið fyrir þennan hóp geta örugglega höfðað til félagsmanna annarra félaga.






Aldur þeirra sem sóttu skólann 2015:




Fjöldi þátttakenda 2007 - 2015*




* Fjöldi þátttakenda sem sækja námskeið og fyrirlestra við Rafiðnaðarskólann



Fjöldi námskeiða/fyrirlestrar 2007 - 2015




Skipting eftir fagfélögum + óskráðir í félög






Skipting eftir fagfélögum






Fjöldi þátttakenda á námskeiðum og fyrirlestrum




Afbókuð námskeið (33) - fjöldi skráðra þátttakenda





Nafn námskeiðs (71) - fjöldi nemanda (598)





Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins

Starfsemi Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins var með hefðbundnum hætti árið 2015.


Helstu verkþættir voru: Gerð og umsjón með námssamningum, vinna við sveinspróf í raf-, rafveitu- og rafeindavirkjun, námskrárvinna, raunfærnimat, rafbók og annarri vinnu fyrir starfsgreinaráðið. Mestur tími fer í sveinsprófin, undirbúning þeirra ásamt vinnu við raunfærnimat, mat á menntun erlendra rafiðnaðarmanna og útgáfa á staðfestingum til íslenskra rafiðnaðarmanna sem eru að leita sér að vinnu erlendis.

Námssamningar og Sveinspróf

Alls voru samþykktir 71 námssamningar í rafvirkjun (18), 1 í rafvélavirkjun (1) og 22 í rafeindavirkjun (22). Tölurnar í sviga er fjöldi starfsþjálfunarsamninga.

Á árinu 2015 luku 93 (65 og 28) nemendur sveinsprófi í rafvirkjun, og 28 (7+21) luku sveinsprófi í rafeindavirkjun.

Fjöldi námssamninga undanfarin ár og það sem af er 2016.





Mat á menntun

Metin var menntun 8 erlendra rafiðnaðarmanna. Tveir frá Rúmeníu og einn frá Alsír, Serbíu, Austurríki, Póllandi og Marakkó og svo einn Íslendingur með nám frá Svíþjóð.

Alls voru þýdd og unnin gögn fyrir 32 rafiðnaðarmenn (30 rafvirkja og 2 rafeindavirkja) sem voru að sækja um störf eða skóla erlendis.

Raunfærnimat

Í raunfærnimati voru 39 (20+19) þátttakendur sem fóru í 158 (61+97) matsviðtöl og fengu 125 (42+83) áfanga metna upp á samtals 314 (103 + 211) einingar.

Alls hafa 399 haft samband frá upphafi 2007, af þeim hafa 233 fengið einhverja áfanga metna og 77 hafa lokið sveinsprófi

Rafbók.is

Á vefnum Rafbók.is er að finna gæða námsefni fyrir rafiðnaðarnema en einnig er unnið að því að koma upp góðu safni handbóka fyrir starfandi rafiðnaðarmenn. Allar óskir og ábendingar um efni sem ætti heima á vefnum eru því vel þagnar.

AP media hefur verið falin umsjón með vefnum. Verið er að vinna uppfærslu svo að vefurinn nýtist nemendum sem allra best á spjaldtölvum sem ætlunin er að dreifa til nemenda í rafiðnum. Stefnt er að því að koma upp ritstjórn Rafbókar með það að markmiði að yfirfara efni hennar og velja efni sem ætti að vera þar inni.

Gott samstarf er við kennara í rafiðngreinum varðandi efni. Kennsluefni í **Rafeindafræði** eftir Sigurð Örn Kristjánsson og Bergstein Baldursson er í vinnslu. Þetta verða um 15 hefti og er fyrsti hlutinn kominn inn á vefinn. Þá er kennsluhefti í **Rafeindavélfraði** (*Mechatronics*) í samantekt Finns Torfa Guðmundssonar væntanlegt og nýtt hefti um **Tölvur og nettækni** er væntanlegt inn á vefinn með haustinu. Það er byggt á Cisco glærum og er í þýðingu og samantekt Tómasar Jónssonar. Á síðasta ári komu 19 nýjar bækur inn á vefinn þar af þrjár handbækur.

Öryggishandbók SART er fyrsta handbókin sem sett var inn á vefinn Rafbók.is og er hugsuð fyrir starfandi rafiðnaðarmenn. Markvisst er unnið að því að útrýma vinnuslysum og gera starfsmenn og stjórnendur meðvitaða um mikilvægi öryggismála. Öryggishandbók SART er aðgengileg öryggishandbók fyrir alla rafiðnaðarmenn.


Rásakverið eftir Björgvin Ingimarsson kom inn á vefinn snemma á síðasta ári. Kverið er fyrst og fremst ætlað framhaldsskólanemum sem þurfa að tileinka sér rafeindatækni. Á það einkum við um nema í rafeindavirkjun og aðra sem áhuga kunna að hafa. Bókin ætti að nýtast vel á rafeindaverkstæðum þar sem fletta þarf upp upplýsingum sem ekki fylgja almennum rásateikningum og gagnablöðum.

Spennujöfnun í byggingum er nýjasta handbókin en Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins hefur haft frumkvæðið að þýðingu handbókarinnar og fékk til verksins Hersi Oddsson rafmagnstæknifræðing. Tilgangur með þessari handbók er að fylla upp í það tómarúm sem hefur verið í faglegu fræðsluefni sem fjallar um spennujöfnun í byggingum. Uppbygging raflagna og rafmagnsdreifingar er nær alveg eins í Svíþjóð og á Íslandi og var því nærtækast að fá leyfi sænska Staðlaráðsins til að þýða Handbók SEK 413 sem gefin var út í 4. útgáfu 2012. Handbókinni er ætlað að vera hjálpartæki fyrir þá sem vinna við gerð raflagna og sérstaklega þá sem fást við spennujöfnun í byggingum.



Rafbók.is stefnir að því að kennslumyndbönd verði hluti af efni safnsins enda eru þau í auknum mæli notuð til kennslu í rafiðnaði. Unnið er að því að koma upp aðstöðu svo kennarar geti unnið kennslumyndbönd fyrir rafiðnaðarmenn og verða þau vistuð í safninu.

Aðsókn á Rafbók.is sýnir að verkefnið er þarft og að það skiptir rafiðnaðarnema og rafiðnaðarmenn miklu máli að hafa öruggan og frían aðgang að kennsluefni í hæsta gæðaflokki. Á síðasta ári mátti greina verulega aukningu í fjölda nýskráninga er þær fóru í tæpar 800. Það er óhætt að segja að verkefnið hafi vakið verðskuldaða eftirtekt hvar sem það hefur verið kynnt og ekki laust við að aðrar iðngreinar líti það öfundaraugum.



Nýskráningar á Rafbók.is frá upphafi fram í mars 2016.

Kynningarmál

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins hefur unnið að gerð kynningarefnis fyrir grunnskólanemendur þá aðallega í formi ýmissa athyglisöngla. Þar má nefna bæklinga, reglustiku og snertiskjáþurrku. Í október var farið norður á Akureyri í VMA með kynningarefni og nemendum boðið að lóða teninginn sem Félag rafeindavirkja hefur fjármagnað. Líkar kynningar á rafiðnaðarnámi hafa verið í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins, Fjölbrautarskólanum í Breiðholti, Fjölbrautarskóla suður- og vesturlands og víðar og allstaðar hafa þær vakið áhuga. Þá var rafiðnaðarnám kynnt á sýningunni Verk og vit sem var haldin í Laugardalshöllinni í vor. Það er von okkar að með þessum kynningum til grunnskólanemenda takist okkur að auka aðsókn að námi í rafiðngreinum.



ÁKVÆÐISVINNUSTOFA
RAFIÐNA

Ákvæðisvinnustofu rafiðna 2015

Starfsemi Ákvæðisvinnustofu rafiðna var hefðbundin á árinu 2015 þ.e.a.s. að sinna ákvæðisgrunninum, kennslu í Rafiðnaðarskólanum, umsjón með geislafljöður og vinnu við sveinspróf. Í ákvæðisvinnunefnd eiga sæti 4 fulltrúar, Þorvarður Hjaltason og Tómas Tómasson frá RSÍ og Guðjón Guðmundsson og Sigurður Svavarsson frá SART. Ákvæðisvinnunefnd heldur reglulega fundi og fjallar þá um breytingar og nýja liði í ákvæðistaxtanum.

Skilyrði þess að fá aðgang að ákvæðisvinnugrunninum á netinu er að greitt sé af viðkomandi 0,1% af launum í ákvæðisvinnugjald og gildir það um félagsmenn í sveinafélögum rafvirkja og félagsmenn SART og er innifalið í eftirmenntunargjaldi þannig að gjaldið verður í heild 1,2%.

Samningsbundið einingaverð sveina hækkaði 1. maí á síðasta ári úr 515,75 kr. í 551,85 kr. eða um 7%.

Notkun á ákvæðisvinnuvefnum, sem notaður er bæði af sveinum og meisturum, hefur aukist töluvert og hefur stofnun einingablaða sem voru 357 árið 2014 farið í 601 árið 2015 eða um 60%. Þetta bendir eindregið til að atvinnulífið hefur tekið við sér og meira unnið í ákvæðisvinnu en hún er raunhæfasti kosturinn til kjarabóta hjá rafvirkjum.

Kynning á ákvæðisvinnugrunninum hefur haldið áfram meðal sveina og meistara og fagskóla og gekkst Ákvæðisvinnustofan fyrir útgáfu bæklinga þar sem getið er helstu atriða í ákvæðisvinnuni, útskýringar, kostir og fleira.

Á árinu 2015 hélt starfsmaður stofunnar tvö þriggja daga námskeið fyrir meistaraneina í rafvirkjun á vegum Rafiðnaðarskólans þar sem kennt er hvernig eigi að nota ákvæðisgrunninn og gerð tilboða á forsendum ákvæðisvinnueininga. Þetta er skyldunámskeið í meistaránáminu og það nefnist Raflagnatækni 1. Þetta námskeið hefur verið fastur liður í starfsemi stofunnar um árabil.

Þá hefur stofan haldið úti þjónustu fyrir rafvirkja og rafverktaka með svokallaðri geislafljöður sem felst í því að finna stíflur í rörum og týndar dósir og hefur sá þáttur aukist mjög á síðasta ári. Auk þess kemur starfsmaður stofunnar talsvert að sveinsprófum rafvirkja bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Ákvæðisvinnustofan skilaði hagnaði á árinu 2015 sem nam rúmum 1100 þús kr. Eigið fé stofunnar nam í árslok rúmum 8,3 miljónum kr. Þannig að afkoma stofunnar er nokkuð góð.

4. apríl 2016

Ólafur Sigurðsson

Ákvæðisvinnustofa Rafiðna



Ályktanir miðstjórnar á starfsárinu

Ályktun miðstjórnar RSÍ vegna kjararáðs

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands mótmælir harðlega ákvörðun kjararáðs þar sem laun dómara eru hækkuð um 300.000 – 560.000 kr á sama tíma og laun hins almenna launamanns hafa hækkað um það bil 30.000 kr. Seðlabanki Íslands hefur ítrekað bent á að ígildi 10% af launahækkun dómaranna geti valdið efnahagslegum hamförum í samfélaginu hvað þá tífold sú upphæð! Það gefur auga leið að vonlaust er að byggja upp samfélag með jafnmikilli stéttarskiptingu eins og raun ber vitni. Ákvarðanir um að deila meiri gæðum til þeirra sem meira hafa er óásættanlegt.

Hækkun launa í stjórnunarstöðum ýmissa fyrirtækja hér á landi benda til þess að sama launastefna sé viðhöfð og áður en íslenskt efnahagskerfi hrundi. Við sáum þá að ofurlaunastefna fyrirtækjanna hafði ekkert með gæði fyrirtækjanna að gera og því er ekki ástæða til að ætla að svo sé nú.

Miðstjórn RSÍ tekur undir áskorun ASÍ til stjórnvalda um að tekið verði upp alvöru hátekjuskattur á ofurlaun. Það þarf að tryggja jöfn skipti í samfélaginu og ofurlaunastjórnendur sem eru aflögufærir eiga að leggja meira til samfélagsins. Jöfn skipti á þjóðarkökunni er forsenda sáttar í samfélaginu til lengri tíma! Miðstjórn RSÍ skorar á stjórnvöld að skipa fulltrúa launafólks af almennum vinnumarkaði í kjararáð.

Ályktun um kjaraviðræður

18. þing Rafiðnaðarsambands Íslands krefst þess að Samtök atvinnulífsins hefji viðræður af fullri alvöru við samninganefndir okkar um þær kröfur sem lagðar hafa verið fram í yfirstandandi viðræðum. Markmið rafiðnaðarmanna er að hækka dagvinnulaun á þann hátt að mögulegt sé að lifa mannsæmandi lífi án þess að vinna þá miklu yfirvinnu sem raun ber vitni.

Kröfur rafiðnaðarmanna miða að því að framleiðni fyrirtækja aukist samhliða hækkun dagvinnulauna. Með þeim hætti má koma í veg fyrir að þjóðin missi tæk á verðbólgu hér á landi. Með aukinni verðmætasköpun er þetta mögulegt en svo virðist sem að Samtök atvinnulífsins hafi lítinn áhuga á því að vinna að gerð kjarasamninga sem geti tryggt okkur bætta stöðu með lágri verðbólgu.

#MannsaemandiLaun2015!